


SHALDOR  
skoðun 10



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is



Græddu á gulli  
á Grand Hótel

Í dag frá kl 11:00 til 19:00  
Upplýsingar og tímabantanir,  
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupungull.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

11. júní 2012  
135. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## Framseljum vald til Frakka

Frakkar fara fram á að mega synja fólki um vegabréfsáritanir hingað til lands, sem væri framsal á valdi til töku stjórnvaldsákvæðana. Þeir sjá um áritanir fyrir Ísland í þrettán ríkjum. Frumvarp liggur fyrir Alþingi.

**UTANRÍKISMÁL** Frakkar hafa farið fram á það við íslensk stjórnvöld að fá að synja fólki um vegabréfsáritanir, en þeir annast áritunarmál fyrir Íslands hönd í þrettán löndum. Með því að samþykkja þetta framselja íslensk stjórnvöld vald til töku stjórnvaldsákvæðunar til Frakklands. Frumvarp um þessar breytingar liggur nú fyrir Alþingi.

Í núgildandi útlendingalögum koma öll vafamál um vegabréfsáritanir til Útlendingastofnunar, sem tekur endanlega ákvörðun í málum. Þannig má gera samninga við önnur ríki á Schengen-svæðinu um vegabréfsáritanir, en þau ríki mega ekki synja umsóknum um áritanir.

„Þeir [Frakkar] hafa nú sett fram þá kröfu að niðurstöður þeirra verði ekki kærnanlegar eða áfrýjanlegar, heldur endanlegar. Að öðrum kosti vilji þeir ekki sinna þessu. Þá eigum við ekki annarra kosta vöð en að gangast undir þetta,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra. Hann segir málið hafa staðið svolítið í fólki í ráðuneytinu.

„Ef fólk fær ekki þessa þjónustu hjá sendiráðum og ræðismönnum í ríkjum þar sem Ísland hefur enga þá þarf það að ferðast um langan veg og fara til annarra landa til að fá vegabréfsáritun. Svo þetta er skásti kosturinn í stöðunni.“ Frakkar sjá einnig um fyrirvar fyrir hin

Í mörgum þessara landa er ekki um aðra fyrirvarskosti að ræða en af hálfu Frakklands.

ÖGMUNDUR JÓNASSON  
INNANRÍKISRÁÐHERRA

Norðurlöndin í ýmsum ríkjum, og segir Ögmundur þau ætla að verða við kröfum Frakka.

Frakkar annast áritunarmál fyrir hönd Íslands í þrettán löndum: Armeníu, Brúnei, Dóminíska lýðveldinu, Fídjeyjum, Georgíu, Hvíta-Rússlandi, Kambódíu, Katar, Líbanon,

Makedóníu, Míritíus, Papúa og Úsbekistan. „Í mörgum þessara landa er ekki um aðra fyrirvarskosti að ræða en af hálfu Frakklands og er það því metið óhjákvæmilegt að fallast á kröfu Frakka um heimild til að synja um vegabréfsáritun,“ segir í greinargerð með frumvarpinu.

Þar kemur einnig fram að lögin séu hugsuð sem undantekning sem beita megi þegar sérstaklega standi á. Áfram er gert ráð fyrir því að meginreglan verði sú að Útlendingastofnun fái þær umsóknir til afgreiðslu sem vafi leikur á um eða til stendur að synja.

- þeb



### Crossfit á ferðinni

Annie Mist og félagar fluttu inn gám með fullkomna Crossfit-aðstöðu.

popp 22

### Í minningu Laufeyjar

Jónas Björgvinsson og hljómsveitin Ummhmm styrkja Krabbameinsfélagið.

tímamót 12



### Níu tær inn á HM

Strákarnir okkar unnu 14 marka sigur í fyrri umspilsleiknum á móti Hollandi.

sport 18

### veðrið í dag



**NOKKUÐ BJART** Í dag verður hægviðri víðast hvar en hvassara NV-til og við A-ströndina. Bjartviðri víðast hvar en stöku síðdegis-skúr SV-til. Hiti 5 til 17 stig, svalast A-lands.

VEÐUR 4



**KAPPREIÐAR** Hátt í fimmta hundruð manns voru skráðir til leiks í hjóleiðakeppni á Reykjanesi í gær. Í mótinu hjóluðu keppendur 40 kílómetra eða 60 kílómetra. Allir luku keppni við Bláa Lónið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Frumvarp um veiðigjöld verður ekki á dagskrá Alþingis í dag:

## Ekkert samkomulag um þinglok

**ALÞINGI** Veiðigjöldin verða ekki á dagskrá Alþingis í dag og ekkert samkomulag liggur fyrir um þinglok. Óformleg samtöl hafa átt sér stað um helgina, en ekkert samkomulag lá fyrir í gærkvöld. Dagskrá Alþingis í dag réðist ekki fyrr en í gærkvöld og næstu dagar eru í óvissu.

Frumvarp sjávarútvegsráðherra um veiðigjöld og stjórn fiskveiða er helsti ásteytingar-

steininn. Björn Valur Gíslason, þingflokksformaður Vinstri grænna, sagði í gærkvöld að engir fundir hefðu verið haldnir um fiskveiðimálin um helgina. „Enn sem komið er eru engir fundir fyrirhugaðir og ekkert samkomulag um þinglok.“

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir stöðuna í raun óbreytta. Fundað verði fram á

sumar ef stjórnarmeirihlutinn gefur ekkert eftir. „Fyrir okkur er þetta kúrskýrt: Við fórnunum ekki þjóðarhagsmunum fyrir samninga um þinglok. Þá komum við bara aftur eftir forsetakosningum,“ segir Ragnheiður Elín.

Kosið verður til forseta 30. júní, en hefð er fyrir því að Alþingi ljúki störfum vel fyrir forsetakosningar.

- kóp



### SÉRVERKEFNI

- Teppahreinsun
- Steintepparþrif
- Parkethreinsun
- Bónvinna

www.iss.is



### Skagfirskur sveitabiti

Mýksti brauðosturinn á markaðnum, fáanlegur 26% og 17%.



## Pronto!

er ítalska og segir okkur að eitthvað sé „tilbúið“.



Knorr kemur með góða bragðið!





Gunnar Víking, er borgin að höggva ykkur í herðar niður?

„Já, það er verið að vege mann og annan með niðurskurði.“

Gunnar Víking Ólafsson er formaður vikinga-félagsins Einherja. Félagsmenn eru ósáttir við Reykjavíkurborg sem styrkir þá ekki.

Ellefu ára í fangelsi í Barein: Hótað með loftbyssum við handtöku

**BAREIN** Ali Hasan, ellefu ára gamall drengur í Barein, situr í gæsluvarðhaldi fyrir að stofna



til ólög-  
legrar sam-  
komu, að  
mati yfir-  
valda. CNN  
fréttastofan  
greinir frá  
þessu á vef  
sínum.

Lögmaður fjöl-  
skyldu barnsins segir Ali aðeins hafa verið að leika með tveimur vinum sínum þegar lögreglan stöðvaði hann. Lögreglumennirnir hótuðu að skjóta hann með loftbyssum ef hann myndi hlaupa í burtu.

Mannréttindasamtök sem sér-  
hæfa sig í málum Barein segja fjölda barna fangelsuð. Ali er yngsti fanginn í Barein. - bþ

Gögn kannski gerð opinber: Lögfræðingur skoðar tillögu

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Lögfræðingur Orkuveitu Reykjavíkur hefur til umsagnar tillögu Kjartans Magnússonar borgarfulltrúa um að gera opinber gögn um fjárfestingar Orkuveitunnar í gagnaveitu.

„Í ljósi fyrri samþykktar og þess að gagnaveita er rekin á samkeppnismarkaði, vís-  
aði stjórn tillögu Kjartans til umsagnar lögfræðings OR. Verður sú umsögn lögð fyrir næsta fund stjórnar ásamt tillögu Kjartans,“ segir í tilkynningu Orkuveitunnar. - ók

Pingmaður Sjálfstæðisflokks fer fram á rannsókn vegna SpKef:

## Ráðherra segir málið fáránlegt

**EFNAHAGSMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskipta-  
ráðherra, segir það ómaklegt og fáránlegt hjá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að kenna ríkisstjórninni um óvænt útgjöld vegna yfirtökunnar á SpKef. Ríkið hafi fengið þar vanda í fangið sem skapaðist vegna þess hvernig sparisjóðnum var stýrt. Frá þessu var greint í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

Niðurstaða úrskurðarnefndar sem fjallaði um ágreining milli ríkisins og Landsbankans um verðmæti eigna SpKef var að

ríkið þyrfti að greiða Landsbankanum 19 milljarða króna með þeim innistæðum sem bankinn tók yfir við sameininguna.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, vill rannsókn á aðkomu fjármálaráðuneytisins að SpKef í tíð Steingríms.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

„Ríkið kemur að málinu þegar allt er búið og gert og kemur að starfsemi sparisjóðsins þegar engu verður um hið liðna breytt. Þess vegna er það feiknalega ósanngjarnt og ómaklegt að koma með ásakanir af því tagi sem í reynd láta að því liggja að ábyrgðin á þessum ósköpum sé hjá ríkinu, sem fær þetta í fangið, en ekki hjá þeim sem stýrðu sparisjóðnum,“ sagði Steingrímur í viðtalinu við Stöð 2.

Í haust kemur út skýrsla þar sem ítarlega verður fjallað um lánveitingar SpKef. - þþ

Köstuðust út úr bílnum:

## Pyrlan sótti þrjú slasaða

**SLYS** Þrjú ungmenni slösuðust þegar bíll þeirra fór út af veginum og valt á Útnesi á Snæfellsnesi í gærkvöld. Tvö þeirra köstuðust út úr bílnum við slysið og flutti þýrla Landhelgisgæslunnar þremmingana á slysadeild Landspítalans í Fossvogi.

Að sögn lækisins á vakt slysa-  
deildar meiddust ungmennin öll en ekkert þeirra með lífshættulega áverka. Þau voru enn til skoðunar í gærkvöld en voru sögð sémilega hress miðað við það sem á undan var gengið. - sv

# Ganga landshorna á milli í annað skipti

Sex konur á besta aldri ætla að ganga frá Hornströndum að Hornsvík á suðausturhorninu. Gangan er um það bil 650 kílómetrar og tekur rúman mánuð.

**FÓLK** Sex vaskar konur undirbúa nú göngu þvert yfir landið í annað sinn. Lagt verður af stað frá Hornsvík á Vestfjörðum á miðvikudag og endað í Hornsvík á suðausturhorni landsins um miðjan júlí. Áætlað er að gengni verði um það bil 650 kílómetrar.

„Við erum sex konur á besta aldri í gönguhóp og búnaur að ganga saman í átta ár,“ segir Kristín Jóna Hilmarsdóttir göngugarpur. „Fyrir fjórum árum fórum við fjórar úr hópnun til Afríku og gengum á Kilimanjaro. Okkur fannst það svo mögnuð upplifun að við ákváðum að fara í stóra göngu annað hvert ár.“

Fyrir tveimur árum gengu þær alla leið frá Reykjanestá að Fonti á Langanesi. Þær munu því mynda kross yfir landið að göngunni lokinni.

Kristín Jóna segir ferðina vel undirbúna. „Þegar við fórum að skipuleggja næstu göngu komumst við að því að þessi leið sem við fórum nú hefur aldrei verið farin, að okkur vitandi. Við höfum alla gönguleiðina merkt í GPS-tæki og vitum nákvæmlega hvar við gístum og hvað við göngum á hverjum degi.“

Þær hafa fengið góða styrki til ferðarinnar. 66° norður styrkir þær um fatakaup og bílaleigan Geysir útvegaði þeim stórt tjald sem þær geta allar gíst í.

Allar eru þær í góðu líkamlegu formi og hafa gengið nánast allt sem hægt er að ganga. „Við erum með tjald sem við gístum í yfirleitt en það eru skálar á leiðinni sem við fáum að gista í. Það taka okkur allir þvilíkt vel og við erum alls staðar velkomnar.“

„Andlega hliðin er stór þáttur,“ segir Kristín Jóna. „Maður er með



**MEÐ ALLT Á BAKINU** Þær Anna Lára, Emília, Guðrún, Kristín Jóna og Margrét ætla að ganga saman yfir landið þvert með allan farangur á bakinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

„við tökum þetta á léttleikanum og erum bara nógu kærulausar.“

KRISTÍN JÓNA HILMARSDÓTTIR GÖNGUGARPUR


sömu manneskjurnar með sér öllum stundum. En við tökum þetta á léttleikanum og erum bara nógu kærulausar.“

„Við eigum allar tvö til þrjú börn og sumar barnabörn og að ferðin hefði aldrei orðið að möguleika stæðu eiginmenn þeirra ekki við bakið á þeim. „Þeir koma náttúrulega og hitta okkur og hafa allir verkefni. Þeir þurfa að koma upp á hálendi með vistir og grillkjöt, vonandi. Maður verður að hafa fullt af gulrótum í svona ferð.“

Spurð hvort búið sé að skipuleggja næstu ferð segir hún svo

### Mynda kross yfir Ísland

Gangan er rúmlega 650 kílómetrar. Lagt er af stað á miðvikudag frá Hornsvík á Hornströndum og endað í Hornsvík við Klifjatind um miðjan júlí.



ekki vera. „Nei, næsta ferð verður örugglega ákveðin í þessari ferð,“ segir Kristín Jóna að lokum.

birgirh@frettabladid.is



**KRÆKLINGUR** Varað er við að borða krækling úr Eyjafirði og Hvalfirði.

Vara við neyslu á kræklingi:

## Eitrið getur valdið lömum

**NEYTENDUR** Matvælastofnun varar við neyslu á kræklingi sem safnað er í Hvalfirði og Eyjafirði. Sjósýni þaðan benda til þess að þörungaeitur megi finna í kræklingi þaðan.

Greiningin leiddi í ljós að PSP eitur var yfir mörkum í Eyjafirði en það getur valdið lömum. DSP eitur, sem valdið getur uppköstum og niðurgangi, mældist í Hvalfirði.

Kræklingur úr Breiðafirði er þó í lagi að neyta því sjósýni þaðan benda til þess að engin hætta sé á þörungaeitri í krækling þaðan. - bþh

Í rannsókn á Akureyri:

## Tilkynnt um nauðgun í húsi

**LÖGREGLUMÁL** Kona tilkynnti nauðgun til lögreglu á Sauðárkróki um helgina. Aðfaranótt laugardags hringdi konan til lögreglu og sagði að vinkonu sinni hefði verið nauðgað í heimahúsi í bænum.

Þegar búið var að taka skýrslu af fórnarlambinu fór lögreglan heim til meints geranda til að yfirheyra hann. Maðurinn var sofandi þegar lögreglu bar að garði, en var hann vakinn og skýrsla tekin af honum. Konan og karlinn, sem eru bæði um tvítugt, höfðu hist í samkvæmi fyrir um kvöldið. Málið er í rannsókn hjá lögreglunni á Akureyri. - sv

Utanríkisráðherra Bretlands segir ástandið í Sýrlandi líkjast Bosníustríðinu:

## Útiloka ekki hernaðaríhlutun

**LONDON, AP** William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, sagðist ekki geta útilokað hernaðaríhlutun í Sýrlandi. Hann sagði jafnframt að ástandið þar væri farið að líkjast því sem var í Bosnía á nýnda áratugnum.

Hague sagði tíma alþjóðlegrar sendinefndar Kofi Annan vera að renna út. Sendinefndin reynir að semja um vopnahlé í Sýrlandi.

Stjórnvöld í Sýrlandi hófu árásir á ný í Homs í gær. Árásirnar gerir stjórnarherinn til þess að ná yfirráðum á svæði sem andspyrnuhreyfingin hefur lagt undir sig.

Forsvarsmenn andspyrnuhreyfingarinnar telja að 38 manns hafi fallið í sprengjuárásum stjórnarhersins á borgina um helgina. Þá féllu sex manns í árásum á bæinn Qusair í gær, nærri landamærunum við Líbanon, og þrír til viðbótar í bænum Talbiseh.

„Vígamennirnir komu til Qusair í tugum,“ sagði Abu al-Hoda, andspyrnumaður í Qusair. Hann segir konur og börn hafa falið sig í kjöllumur fjölbýlishúsa í nokkra daga, of hrædd til að fara út.

Stjórnarherinn hefur sent liðsauka á fjallasvæðin og heldur áfram sprengjuárásum sínum



**VOPNADIR VÍGAMENN** Stjórnvöld í Sýrlandi eru staðráðin í að berjja niður alla andstöðu. Þessi mynd er skjáskot af myndbandi sem andspyrnumaður setti á YouTube-vefinn.

á hundruð andspyrnumanna sem hafa komið sér upp búðum í fjöllum. Gríðarlegir bardagar hafa staðið þar yfir dögum saman. - bþh

Heyrðu mig nú!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!



HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



# Þráir þú dýpri svefn? Heilsurúm í sérflokki

**TEMPUR**  
DÝNUR OG KODDAR

Tilboðsdagar í júní!



12  
mánaða  
vaxtalaus  
lán\*

ADENS FRÁ TEMPUR  
VIÐURKENNT TEMPUR EFNÍ

TEMPUR WARRANTY  
15  
YEARS LIMITED  
WARRANTY  
MATTRESSES

CERTIFIED  
SPACE  
TECHNOLOGY

EINA DÝNAN OG KODDINN  
SEM VIÐURKENND ERU  
AF NASA OG VOTTUÐ AF  
GEIMFERDASTOFNUNINI

20%  
afsláttur



Nú er bjart  
Öllum rúmum fylgir  
*Day Dream*<sup>®</sup>  
svefngríma



**Tempur® Cloud**  
heilsurúm 180 x 200 cm  
**TILBOÐ Kr. 375.840,-**  
Verð áður 469.800,-

Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®  
Þegar þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúru-  
legu stöðu. Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

Stillanlegt og  
þægilegt!

20%  
afsláttur

Charlotte & Julien  
Dream your world



19.900  
með 20%  
afsl.



TEMPUR Comfort heilsukoddinn er  
einstaklega mjúkur og þægilegur,  
með nýju extra mjúku TEMPUR efni.



**Felix** svefnsofi  
**TILBOÐ Kr. 368.900,-**  
Verð áður 461.125,-

Breidd: 209 cm Dýpt: 95 cm  
Pokagormadýna: 140x200 cm



**Betra**  
**BAK**

Leggur grunn að góðum degi

[www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

[betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is)  
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477  
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566  
Opið virka daga frá kl. 10-18  
Laugardaga frá kl. 11-16



GENGIÐ 08.06.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	129,43	130,05
Sterlingspund	199,63	200,61
Evra	161,17	162,07
Dönsk króna	21,683	21,809
Norsk króna	21,189	21,313
Svænsk króna	17,931	18,037
Japanskt jen	1,6318	1,6414

SDR 195,43 196,59

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 223,42

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



BOÐSFERÐ GAGNRÝND Þrír embættismenn á vegum borgarinnar þáðu boðsferð WOW til Parísar.

### Borgarráðsfulltrúar vilja svör: Vilja skýringu á boðsferð WOW

REYKJAVÍK Fulltrúar Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks í borgarráði hafa óskað eftir áliti innri endurskoðanda á boðsferð flugfélagsins WOW Air með hliðsjón af síðareglum og góðum starfsháttum kjörinna fulltrúa og embættismanna borgarinnar.

Fyrirspurnin var lögð fram á borgarráðsfundi fyrir helgi í ljósi fréttalutnings um að Einar Örn Benediktsson, formaður menningar- og ferðamálaráðs borgarinnar, og tveir embættismenn sviðsins hafi þegið boðsferð WOW Air til Parísar í síðustu viku. Þá er óskað eftir greinargerð frá borginni um ástæður og aðdraganda ferðalagsins.

### BJÖRGUN

#### Kona brotnaði í Helgafelli

Þyrla Landhelgisgæslunnar aðstoðaði við að bjarga konu sem handleggsbrotnaði í fjallgöngu á Helgafelli í Hafnarfirði í gær. Konan átti erfitt með að komast niður af fjallinu og þurftu björgunarmenn því að sækja hana. Flogið var með konuna til aðhlyningar á Landspítalanum.

#### Skemmtibátur í vanda

Björgunarsveitarmenn frá Ársæli fylgdu í gær skemmtibáti til hafnar vegna vélarbilunar. Um borð voru þrír menn.

Fyrri umferð frönsku þingkosninganna fór fram í gær:

## Stuðningsmenn Hollande í meirihluta

FRANKLAND Allt stefnir í að Sósíalístaflokkur Francois Hollande, forseti Frakklands, og bandamenn hans í franska þinginu fái meirihluta þingsæta í frönsku þingkosningunum. Fyrri umferð þeirra fór fram í gær og er því spáð að vinstri flokkar fái á bilinu 289 til 368 þingsæti af 577.

Samkvæmt útgönguspám hlutu Sósíalistar um 35% atkvæða sem er svipað fylgi og hægri flokkurinn UMP hlaut. Ófgahægri flokkur Marine Le Pen hlaut næstum 14% atkvæða sem er langt umfram þau 4% sem flokkurinn hlaut í þing-



PARÍS Í GÆR Stuðningsmenn Sósíalísta voru ánægðir með útgönguspár fjölmiðla sem benda til þess að vinstri flokkar muni ná meirihluta á franska þinginu.

kosningunum 2007. Þá hlutu Græningjar um 5% atkvæða en þeir standa með Sósíalísta í þinginu.

Niðurstaða kosninganna er talin hafa mikið að segja um hve miklu Hollande, sem tók við embætti í maí, tekst að áorka í starfi. Alls 46 milljónir Frakka voru á kjörskrá en kjörsókn í kosningunum virðist hafa verið mun lakari en í forsetakosningunum í síðasta mánuði, eða í kringum 60%. Endanleg úrslit kosninganna verða ekki ljós fyrr en um næstu helgi þegar seinni umferð kosninganna fer fram.

- mþl

## Norðmenn og innflytjendur: Jákvaðari viðhorf en 2010

NOREGUR Norðmenn eru jákvæðari gagnvart innflytjendum en þeir voru árið 2010.

Ný könnun sýnir að 46 prósent séu mótfallin því að fleiri innflytjendur komi til landsins, samanborið við 53 prósent fyrir tveimur árum.

Rúmur þriðjungur taldi norskum gildum stafa ógn af innflytjendum. Það hlutfall var 10 prósentum hærra fyrir tveimur árum. Þá sögðust 40 prósent tortryggja fólk sem væri íslamstrúar, 11 prósentum færri en 2010.

- þeb

# Spánverjum boðið allt að 100 milljarða evra neyðarlán

Spænsk stjórnvöld hafa beðið ESB um fjárhagsaðstoð sem gæti numið allt að 100 milljörðum evra, jafngildi um 16 þúsund milljarða íslenskra króna. Fjármunirnir verða notaðir til að styrkja eiginfjárstöðu spænskra banka sem eru margir hverjir með mjög veik eignasöfn. Djúp kreppa á Spáni hefði áhrif á Íslandi.

MADRÍÐ, AP Ástandið í efnahagslífi Spánar mun versna á árinu þrátt fyrir að ríki Evrópusambandsins (ESB) muni veita landinu allt að 100 milljarða evra lánapakka til að það geti komið bönkum í vanda til hjálpar. Þetta sagði Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, í gær en ríkið bað formlega um fjárhagsaðstoð frá ESB á laugardag.

Í máli Rajoy kom fram að þrátt fyrir björgunarpakkann, sem gæti numið jafngildi 16 þúsunda milljarða íslenskra króna, mundi atvinnuástandið í landinu versna á næstunni en um fjórði hver Spánverji á vinnumarkaði er atvinnulaus. Þá bætti hann við að hagkerfið mundi að öllum líkindum skreppa saman um 1,7 prósent á árinu en sagðist þó vonast eftir að ástandið mundi hægt og rólega batna þegar viðkvæmir bankar landsins yrðu orðnir sterkari.

Spánn varð á laugardag fjórða og langstærsta ríki evrusvæðisins til að biðja ESB um fjárhagsaðstoð. Þá er Spánn fjórða stærsta hagkerfi evrusvæðisins á eftir Þýskalandi, Frakklandi og Ítalíu.

Spænsk stjórnvöld hafa ekki gefið upp hve miklum fjármunum þau munu sækjast eftir en í yfirlýsingu frá fjármálaráðherrum ríkja evrusvæðisins frá því á laugardag kom fram að Spáni stæðu til boða allt að 100 milljarðar evra.

Fjármunirnir verða notaðir til að styrkja eiginfjárstöðu spænskra banka sem hafa margir hverjir tapað miklum fjármunum á fasteignalánunum sem þeir veittu áður en fasteignabólan á Spáni sprakk árið 2008. Þá óttast margir að niðursveiflan á Spáni muni enn veikja eignasöfn bankanna þar sem atvinnulausir Spánverjar muni ekki geta greitt af húsnæðislánunum sínum.

Efnahagsferfiðleikar Spánar eru að þessu leyti nokkuð frábrugðnir vandræðum Grikkja þar sem gríðarleg skuldasöfnun hins opinbera hefur átt mestan þátt í að valda kreppu þar í landi.

magnusl@frettabladid.is



MADRÍÐ Í GÆR Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, ávarpaði fjölmiðla í gær en tilkynnt var um fjárhagsaðstoðina á laugardag. Sagði hann neyðarlánið góð tíðindi fyrir evruna, ESB og Spán.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Tæpur fimmtungur útflutnings til Suður Evrópu

Íslensk fyrirtæki, þá helst í sjávarútvegi, versla nokkuð við fyrirtæki í hinum suðlægari löndum Evrópu þar sem efnahagsferfiðleikarnir á evrusvæðinu hafa verið mestir. Alvarleg niðursveifla á Spáni hefði því nokkur áhrif á íslensk útflutningsfyrirtæki. Í fréttabréfi frá Júpiter, rekstrarfélagi sjóða í eigu MP banka, frá 23. maí síðastliðnum kom fram að heildarútflutningur Íslands til Spánar, Portúgals, Grikklands og Ítalíu nam um 52 milljörðum króna árið 2011 sem eru um 8,5 prósent af heildarútflutningi frá Íslandi.

Þá kom fram í fréttabréfinu að myndi útflutningur til þessara landa dragast saman um fjórðung

á þessu ári myndi það klippa um þriðjung af væntum hagvexti á Íslandi á þessu ári sem verður samkvæmt spá Hagstofunnar 2,5 prósent. Ólíklegt má þó telja að ekki finnst kaupandi að hluta þessara vara hlið minnsta en skyndilegt hrun á eftirspurn frá þessum löndum kæmi þó án vafa við íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Þá má reikna með því að djúp kreppa í þessum löndum hefði ruðningsáhrif á önnur lönd á evrusvæðinu sem eru mörg hver í hópi mikilvægustu viðskiptaþjóða Íslands. Komið hefur fram í fréttum að íslensk stjórnvöld vinni nú að viðbragðsáætlun komi til þess að djúp kreppa skelli á á evrusvæðinu.

**LAMISIL ONCE**

Klæjar þig og sviður á milli tanna?

**15% afsláttur**  
Gildir í verslunum Lyfju, Gildir í hjóli

NOVARTIS - drepur fótsteppinn, þarf aðeins að bera á einu sinni

Lamisil Once 1% húðlausan inniheldur 10 mg af terbinafíni (sem hjóðkríólól). Lamisil Once er einkamatta meðferð við fótstepp (línea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ofnæmi fyrir terbinafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfisins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til útviðis notkunar. Lyfðið er eingöngu ætlað til húðmeðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðgöngu nema þyrna með þessu lyfi. Komu með barni á þessum lyfi eða ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglingar skulu ekki nota Lyfðið. Þú átt að bera á báða fætur, þrívegi þótt einnig spás einungis á öðrum fæti. Þetta tryggir eyðingu sveppisins. Hann getur leynst víðar á fótum þótt ekki sjást nein merki um hann. Lamisil Once er mild lausan og er sjálfstætt húðbá. Geymið þau sem born hvarfa ná til né sjá. Lechi vandlega leiðbeiningar sem fylga hverri pakkningu. Markaðsvefshafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.

### VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**RÓLEGT OG BJART**  
Hægur vindur og nokkuð bjart næstu daga. Stöku skúrir SV-til í dag og á morgun en V- og A- til á miðvikudag. Hiti á leið upp á við A-lands á morgun.

Á MORGUN OG MIÐVIKUDAG Hæg breytileg átt hvassara syðst.

FIMMTUDAGUR Fremur hægur vindur

**HEIMURINN**

Alicante	30°
Basel	24°
Berlín	22°
Billund	18°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	20°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	25°
London	14°
Mallorca	29°
New York	24°
Orlando	32°
Ósló	20°
París	20°
San Francisco	25°
Stokkholmur	17°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig er í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



**ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR**

# TAX FREE VIKA Í SPORTBÚÐINNI

LOKSINS

ALLAR KASTSTANGIR Á „TAX FREE“ VERÐI Í SPORTBÚÐINNI  
VIKUNA 8. TIL 15. JÚNÍ

FRÁBÆRT ÚRVAL AF VEIÐISTÖNGUM FRÁ  
RON THOMPSON, DAM, OKUMA OG SAVAGE GEAR



**SPORTBÚÐIN**

TAX FREE tilboð sýnir verð eins og enginn virðisaukaskattur væri. Að sjálfsgöðu borgum við virðisaukaskatt til ríkissjóðs

KRÓKHÁLSI 4 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

*Í leiðinni úr bænum*

MÁN. TIL FÖS. - 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

BEITAN Í VEIÐIFERÐINA

**ORMAR OG MAKRÍLL**



## KJÖRKASSINN



Telur þú mikil tækifæri felast í vinnslu olfu á Drekasvæðinu?

Já	79,5%
Nei	20,5%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Átt þú þér upphaldslíð á EM í knattspyrnu?

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Missti stjórn á bílnum í ösku: Skaflar af ösku skapa hættu

**SAMGÖNGUR** Mikil aska safnaðist saman á vegum víða á Suðurlandi um helgina og skapaði töluverða hættu. Lögreglan á Hvolsvelli beinir því til ökumanna að fara með gát og hægja verulega á ef þeir koma auga á eitthvað brúnt á veginum.

Stöð 2 greindi frá því í gær að ökumaður hefði misst stjórn á bíl sínum þegar hann ók í öskuskafli á veginum skammt vestan við Gígjukvísl á laugardagskvöld. Hann líkti reynslunni við að lenda í snjóskafla og skemmdist bíllinn mikið. Vegagerðin hefur að undanförunu sett upp merkingar og rutt ösku þar sem hún hefur safnast saman.



VETTANGURINN Lögreglumenn lokuðu svæðið af.

Hóf skotárás í samkvæmi:

## Myrti þrjá og flúði vettvang

**BANDARÍKIN** Þrjár féllu í skotárás í Auburn í Alabama í Bandaríkjunum á laugardag. Þrjár til viðbótar særðust í árásinni.

Lögreglan leitaði í gærkvöldi hins 22 ára gamla Desmonte Leonard sem talinn er hafa hleypt af byssu í slagsmálum sem brutust út í teiti. Fórnarlömbin eru karlar á tvitugsaldri.

Lögreglan segist vita hvað manninum gekk til en vill ekki gefa út hver ástæðan fyrir árásinni sé. „Sem samfélag verðum við að fara að virða mannlíf á ný,“ sagði Tommy Dawson yfirlögrelubjónn í Auburn.

Ný viðhorfskönnun Eurobarometer um Ísland og Evrópumál gerð opinber:

## Tæpur helmingur vel upplýstur

**EVROÞUMÁL** Innan við helmingur Íslendinga, um 44 prósent, telur sig vel upplýstan um Evrópumál, að því er fram kemur í nýrri könnun Eurobarometer sem var kynnt á málstefnu Evrópustofu og Háskólans á Akureyri á föstudag.

Þetta er talsverð aukning frá síðustu könnun, sem gerð var árið 2010, en þá taldi um þriðjungur sig vel upplýstan um málaflökkinn.

Þetta er þó ekki lágt hlutfall miðað við ESB-ríki, en aðeins Finnland og Lúxemborg stáðu af hærra hlutfalli.

Íslenskir svarendur voru hins

**54%** íslenskra svarenda segjast nota samfélagsvefi daglega.

### KÖNNUN EUROBAROMETER

vegar almennt á því að þeir væru betur upplýstir en aðrir landsmenn. Alls töldu 74 prósent að Íslendingar væru almennt illa upplýstir um Evrópumál.

Sitthvað fleira kemur í ljós í

könnuninni, þar á meðal að Íslendingar standa öðrum Evrópubúum framar í notkun samfélagsvefja. Rúm 54 prósent segjast nota samfélagsvefi daglega eða allt að því, en aðeins 21 prósent notar aldrei slíka vefi.

Lettar koma næstir, en 38 prósent nota samfélagsvefi daglega og 37 prósent Dana. Meðaltal í ríkjum ESB er 20 prósent.

Þá fannst svarendum almennt of lítil umfjöllun um ESB í fréttamölum hérlendis. Alls telja 42 prósent umfjöllun í sjónvarpi of litla en 9 prósent of mikla.

Háskólinn í Reykjavík:

## Aldrei fleiri umsóknir í HR

**MENNTAMÁL** Aldrei áður hafa jafnmargir sótt um skólavist í Háskólanum í Reykjavík og fyrir næstu haustönn. Alls bárust skólánum 2.100 umsóknir.

Samkvæmt upplýsingum Háskólans í Reykjavík er þetta aukning um 22 prósent frá síðasta hausti og 44 prósent aukning frá haustinu þar á undan. Forráðamenn skólans rekja þennan vöxt til „vaxandi áhuga á þeim námsleiðum sem háskólinn býður upp á í tækni, viðskiptum og lögum“.

## Magntollur á sykur það eina sem virkar

Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS, segir að skattleggja þurfi óhollustuna burt eins og nágrannalöndin hafi gert. Leiðbeiningaskiltum um hóflegt magn komið fyrir við nammibari Krónunnar. Nammibarnum lokað hjá Víði.

**NEYTENDUR** „Magntollar á sykur er það eina sem virkar til þess að stýra neyslunni þannig að hún minnki. Með magntolli skattleggur maður magnið af óhollustunni í vörunni. Virðisaukaskattur hvetur bara til kaupa á stærri einingu þar sem hún er hlutfallslega ódýrari en lítil eining.“

Þetta segir Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS, sem í leiðara í nýjasta tölublaði samtakanna bendir á að um leið og virðisaukaskattur á matvælum var lækkaður á Íslandi árið 2007 hafi verið felld niður vörugjöld af matvælum öðrum en sykri, sykurvörum og súkkulaðivörum. Við þessa aðgerð hafi virðisaukaskattur á goddrykkjum lækkað úr 24,5 prósentum í 7 prósent og vörugjöld verið afnumin af þeim en hafi verið hækkuð á ný 2009.

„Þótt Íslendingar séu opinberlega feitasta Norðurlandþjóðin höfum við enn ekki tekið það skref að skattleggja óhollustuna sjálfa, eins og nágrannalöndin hafa gert,“ segir Guðmundur.

Hann getur þess að í Danmörku hafi til dæmis svokallaður súkkulaðiskattur verið lagður á í allmörg ár. „Hann var upphaflega bara á sælgæti, goddrykki og ís en nú á að útvíkka hann þannig að hann leggist almennt á viðbættan sykur. Danir eru að útvíkka þetta vegna þess að þeir telja að árangur af skattlagningunni hafi verið góður.“

Guðmundur vitnar í grein eftir lækna sem birtist í New England Journal of Medicine 2009. „Samkvæmt könnun sem þeir gerðu drógu þeir þá ályktun að sérstakur skattur á óhollar matvörur myndi



**HÓFLEGT MAGN** Leiðbeiningaskiltum um hóflegt magn sælgætis fyrir ákveðna aldurshópa hefur verið komið upp við nammibari Krónunnar.

Þótt Íslendingar séu opinberlega feitasta Norðurlandþjóðin höfum við enn ekki tekið það skref að skattleggja óhollustuna sjálfa.

GUÐMUNDUR LÖVE  
FRAMKVÆMDASTJÓRI SÍBS

draga úr neyslu þeirra um 10 prósent. Mat læknanna var að neyslustýring með sköttum virkaði betur en fræðsla.“

Vegna umræðunnar um of mikið sælgætisát íslenskra barna hafa verið sett upp skilti til leiðbeiningar um hóflegt magn af sælgæti fyrir ákveðna aldurshópa við nammibari í þremur verslunum Krónunnar. Skilti verða komin upp í öllum verslunum nú í vikunni, að

sögn Kristins Skúlasonar rekstrarstjóra. „Við ákváðum að sýna þetta frumkvæði og gerðum þetta í samvinnu við næringarfræðing hjá Matis. Við munum sjá af sölutölum hvort þetta hefur áhrif.“

Kristinn segir að hvorki hafi komið til tals að hætta að bjóða helmingssafslátt á nammibarnum á föstudögum og laugardögum né að fjarlægja sælgæti frá afgreiðslukössunum. „Leiðbeiningaskiltin eru fyrsta skrefið,“ tekur hann fram.

Setja á upp leiðbeiningaskilti við nammibari í verslunum Hagkaups.

Í verslunum Víðis hefur nammibarnum verið lokað. „Þetta var gert að ósk viðskiptavina auk þess sem við ætlum að leggja meiri áherslu á hollar vörur í verslunum okkar,“ segir Matthías Eiríksson kaupmaður.

ibs@frettabladid.is



**STOKKHÓLMUR** Ekki mun óvenjulegt að menn komi sér upp risastórum tjöldum undir kannabisræktun í Svíþjóð.

Breyttar venjur í Svíþjóð:

## Landinn víkur fyrir kannabis

**SVÍÞJÓÐ** Kannabisræktun í Svíþjóð fer vaxandi og lögreglan telur að neytendur þurfi varla að flytja inn marijúana. Samtímis hefur heima-brugg minnkað verulega.

Á fréttavefnum metro.se er haft eftir fikniefnalögreglu í Stokkhólmi að fyrir fáum árum hafi hún oftast verið að finna nokkrar plöntur í skápum eða slíku. Nú sé ekki óvenjulegt að menn slái upp ræktunartjöldum með hundruðum plantna.

Í upphafi síðasta áratugar samsvaraði heimabruggið um þremur prósentum af afengisneyslunni í Svíþjóð. Nú samsvarar það um einu prósentu af neyslunni.

Hugað að öryggi neytenda:

## Kveikjarar eru orðnir öruggari

**NEYTENDUR** Hættulegum kveikjurum hefur snarfækkað á markaði í kjölfar átaks á vegum samevrþska verkefnisins PROSAFE, að því er fram kemur á vef Neytendastofu. Neytendastofa hefur tekið þátt í verkefninu frá árinu 2010.

Niðurstöður eftirlits síðari hluta síðasta árs sýna að öryggi kveikjara er mun betra en fyrir tveimur árum. Um átta prósent höfðu hættulega annmarka, samanborið við 35 prósent árið 2009. Prófuð var 31 tegund kveikjara.

Icelandair flýgur á milli Akureyrar og Keflavíkur fjórum sinnum í viku í allt sumar:

## Búist við mikilli aðsókn í flug

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gert er ráð fyrir því að um 2.500 ferðamenn muni í sumar nýta sér flugleið Icelandair á milli Akureyrar og Keflavíkur. Flugfélagið hóf flug á milli bæjanna í síðustu viku og verður flogið fjórum sinnum í viku út sumarid. Um er að ræða tilraunaverkefni Icelandair til að auðvelda Norðanmönnum að komast til útlanda sem og að bregðast við auknum vinsældum Norðurlands hjá erlendum ferðamönnum.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, býst við því að verkefnið reynist vel.

„Þetta lítur þokkalega vel út. Í raun erum við að bjóða upp á aukna þjónustu og sjáum til hvort fólk nýti sér það,“ segir hann. „Þetta er tilraun og við munum framkvæma próf á ferðunum bráðlega til að meta stöðuna.“

Stjórnarfundur Icelandair Group



**FLOGIÐ BEINTIL OG FRÁ AKUREYRI** Búist er við því að erlendir ferðamenn muni nýta sér flugleiðina töluvert.

fundaði á Akureyri í síðustu viku og kom fram í máli Björgólfs þar að eftir góða reynslu á síðasta vetri hafi nú komið í ljós á vormánuðum að mjög mikill áhugi er erlendis á ferðum sem samanstanda af dvöl í Reykjavík og á Akureyri og dagsferð að Mývatni í leit að norðurljós-

um. Má gera ráð fyrir að margfalt fleiri muni njóta þessara ferða á næsta vetri en á þeim síðasta.

Gert er ráð fyrir að um 80 prósent farþeganna verði erlendir ferðamenn. Búist er við því að Danir, Bretar, Svíar og Þjóðverjar verði fjölmennastir í hópnum.

## KRYDDSMJÖR

*tvær nýjar bragðtegundir!*

NÝ  
BRAGÐTEGUND  
-SÍTRONA OG  
KARRÍ

NÝ  
BRAGÐTEGUND  
-BÉARNAISE

KRYDDSMJÖR



# ÓDÝRASTA HVEITIÐ Í BÓNUS



98 kr.  
1 kg

**B**  **NUS**

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI



## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvers konar líffæri var grætt í Andemariam Beyene fyrir ári?
2. Hvar verður leikritið Karma fyrir fugla sýnt næsta vetur?
3. Með hvaða félagslíði leikur Aron Pálmarsson handbolta?

SVÖR:

1. GERVIBARKI 2. ÞIÐLEIKHÚSIN  
3. THW KIEL

8

Heilsuáttak á vegum HB Granda á Vopnafirði hafði óvænt áhrif á bæjarlífið:

## Sala óhollustu hrundi eftir áttak

**HEILSA** Neysla Vopnafirðinga á gosdrykkjum og sælgæti hefur dregist saman um tugi prósent síðan í apríl, en sala á ávöxtum og grænmeti hefur aukist mikið á sama tíma. Heilsuáttak á vegum sjávarútvegsfyrirtækisins HB Granda á staðnum er talið sennileg ástæða þessa.

Stjórnendur HB Granda ákváðu fyrr á þessu ári að bjóða öllu starfsfólki félagsins upp á heilsufarsskoðun því að kostnaðarlausu. Margir hafa þegar nýtt sér þetta tilboð og á Vopnafirði hafa flestir starfsmannanna nú þegar farið í skoðun á



**FRÁ VOPNAFIRÐI** Heilsuáttak starfsfólks HB Granda sést líka í auknum áhuga á útivist.

MYND/HBGRANDI

heilsugæslustöð HSA á staðnum og fengið niðurstöður mælinga.

Þá fékk félagið Sonju Sif Jóhannsdóttur, forvarnafulltrúa hjá TM, til að halda fyrirlestra um heilsufar, hreyfingu og mataræði.

Samkvæmt upplýsingum Árna S. Róbertssonar, kaupmanns á Vopnafirði, dróst sælgætissala í versluninni saman um rúm 26% í aprílmánuði og sala á gosdrykkjum um 21%, en það var fyrsti heili mánuður heilsuáttaksins. Sala á ávöxtum og grænmeti jókst hins vegar um 17% og sala á ávaxtasöfum um 12% á sama tíma, að því er kemur fram á síðu fyrirtækisins. Töluvert dró úr sölu á tóbaki á sama tíma, að sögn Árna.

- shá

Borgarbörn fá frekar ofnæmi:

## Umhverfið orsakar ofnæmi

**BANDARÍKIN** Niðurstöður nýrrar rannsóknar sýna að börn sem búa í þéttbýli fá frekar ofnæmi en börn í dreifbýli. Rannsóknin er sú fyrsta í Bandaríkjunum sem kortleggur ofnæmi barna landfræðilega.

Sérstaklega benda niðurstöðurnar til þess að börn sem búa í stórum borgum þrói frekar með sér hnetu- og skelfiskofnæmi en jafnaldrar þeirra í dreifbýli. „Þetta þýðir að umhverfi hefur áhrif á ónæmiskerfi barna,“ segir stjórnandi rannsóknarinnar. - þþ

## Slitastjórn vill rifta kaupum á eigin skuldabréfum

Slitastjórn Kaupþings hefur sent út tugi riftunartilkynninga vegna kaupa bankans á eigin skuldabréfum rétt fyrir fall hans. Byggja á skoðun Grant Thornton. Landsbankinn og Glitnir hafa höfðað tugi slíkra mála.

**VIÐSKIPTI** Slitastjórn Kaupþings hefur sent út tugi riftunartilkynninga í tengslum við endurkaup Kaupþings á eigin skuldabréfum frá því á árinu 2008. Kaupin áttu sér stað síðustu sex mánuðina áður en Kaupþing féll og sum þeirra áttu sér stað mjög nálægt falli bankans, samkvæmt Feldís Óskarsdóttur, sem situr í slitastjórn hans. Riftunarfrestur Kaupþings rennur ekki út fyrr en í lok júní og því hefur slitastjórnin út þennan mánuð til að höfða mál ef ekki semst um niðurstöðu.

Í kynningu sem slitastjórn Kaupþings hélt á kröfuhafafundi þann 31. maí kom fram að „slitastjórn hefur á síðustu mánuðum sent út allmargar riftunartilkynningar í tengslum við endurkaup Kaupþings á eigin skuldabréfum frá því á árinu 2008“.

Feldís segir að um tugi mála sé að ræða. Aðspurð vildi hún þó ekki segja hvert umfang endurkaupanna var né gegn hverjum málin beinast. „Ég vil ekki tjá mig frekar um þetta en kemur fram í kynningunni að svo stöddu. Það verða einhver af þessum málum þingfest, ef ekki nást sættir, núna í júní.“

- óká

Í fundargerð kröfuhafafundar slitastjórnar sem fór fram í desember 2011 kom fram að hún hafi lagt á það áherslu í störfum sínum að rannsaka ráðstafanir sem áttu sér stað í bankanum síðustu mánuðina fyrir frestfangi, einkum með tilliti til þess möguleika að höfða riftunarmál. Endurskoðunarfrýrtækið Grant Thornton í Bretlandi hafði þá unnið að rannsókninni í nokkra mánuði og byggði sú skoðun á vinnu frá PricewaterhouseCoopers og starfsmönnum Kaupþings.

Í fundargerðinni kom einnig fram að slitastjórnin hefði „að mestu lokið skýrslutökum af fyrirverandi starfsmönnum og yfirmönnum Kaupþings“.

Slitastjórn Glitnis þingfesti um 20 riftunarmál gegn ýmsum innlendum og erlendum aðilum 24. maí síðastliðinn. Í þeim vill hún endurheimta um 20 milljarða króna. Landsbankinn var einnig búinn að koma tugum riftunarmála í gang áður en að málsköfðunarfrestur hans til þess rann út í apríl. Flest þeirra voru einnig vegna skuldabréfa.

thordur@frettabladid.is



Það verða einhver af þessum málum þingfest, ef ekki nást sættir, núna í júní.

**FELDÍS ÓSKARSDÓTTIR**  
SITUR Í SLITASTJÓRN KAUPÞINGS



**SLITASTJÓRN** Feldís Óskarsdóttir vildi ekki segja hvert umfang endurkaupanna á skuldabréfum var né gegn hverjum málin beinast.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Samkomulag hefur náðst við 51 af 67

Í kynningunni kemur einnig fram að slitastjórn Kaupþings hafi náð samkomulagi í 51 af 67 málum sem varða niðurfellingu á persónulegum ábyrgðum til hlutafjárkaupa. Slitastjórnin ákvað á sínum tíma að rifta ákvörðun stjórnar Kaupþings frá 25. september 2008 sem heimilaði Hreiðari Má Sigurðssyni, þáverandi forstjóra bankans, að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmannanna. Þann 10. maí 2012 staðfesti Hæstiréttur að um ólögmetna ráðstöfun hefði verið að ræða þegar hann gerði fyrrum starfsmanni bankans að greiða slitastjórninni 6,6 milljónir króna vegna lána til hlutabréfakaupa. Talið er að málið hafi fordæmisgildi gagnvart öðrum sambærilegum málum.

Tæpri viku síðar var Sigurði Einarssyni, fyrrum stjórnarformanni Kaupþings, gert að greiða protabúi bankans 550 milljónir króna, eða tíu prósent af 5,5 milljarða króna láni sem hann hafði tekið til að kaupa hlutabréf í bankanum.



**14,5 TONNA TRUKKUR** Ingi Stefán Ólafsson við nýja truckinn sem með öllum búnaði kostar um 31 milljón króna.

MYND/LANDFLUTNINGAR-SAMSKIP

Grænn truckur í flutningum:

## Blandar metangasi við olíuna

**UMHVERFISMÁL** Tekinn hefur verið í notkun nýr flutningabíll sem gengur bæði fyrir dísilolíu og metangasi. Hann keyrir milli Reykjavíkur og Akureyrar og er fyrsti „græni“ truckurinn í flota Landflutninga, að því er fram kemur í tilkynningu Landflutninga-Samskipa.

Bíllinn er af gerðinni MAN TGX 26.480. Með því að nota bæði gas og olíu er mengun bílsins sögð í lágmarki um leið og notaður sé innlendir orkugjafi í bland. „Vélin, sem er sex stökka, notar alltaf dísilolíu en hlutfall metans getur mest orðið um 50 prósent af heildar orkuþörfinni.“ Reynist bíllinn vel áformar fyrirtækið að fjárfesta í fleiri slíkum bílum.

www.volkswagen.is



\*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Volkswagen Caddy

## Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fánlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

Caddy\* kostar aðeins frá  
**2.990.000 kr.**  
(kr. 2.382.470 án vsk)



Atvinnubílar

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt





Ertu að leita  
upplýsinga?  
[www.suzuki.is](http://www.suzuki.is)

  
SUZUKI

Way of Life!



**„Munið eftir að skrá ykkur í  
Miðnæturlaup SUZUKI 21. júní!“  
Skráning á [marathon.is](http://marathon.is)**



SUZUKI bílar hf. styðja Kára Stein Karlsson  
marathonlaupara



### SUZUKI SWIFT

Nú stærri og rúmbetri með einstaklega  
sparneytinni 94 hestafla vél.  
Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4. Verð frá 2.550 þús.  
Meðaleyðsla frá 5.0L/100 km

Stærri stæði í borgarbæjum  
Visthæfur bíll



FULL  
FRAME  
4x4



SUZUKI GRAND VITARA  
Söluhæsti jeppinn á Íslandi  
síðastliðin 3 ár.

Með öflugri 2.4L 169 hö/vél  
Verð frá 5.450 þús., beinskiptur.  
Meðaleyðsla 9.0L/100 km



### SX4 SPORTJEPPLINGUR.

Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast  
en ekki sist hagstætt verð.  
Með 1,6L vél. Verð kr. 3.650 þús. Meðaleyðsla 6,5 L/100 km, beinskiptur



Kizashi er fjórhjóladrifinn  
fólksbíll í millistærðarflokki  
Sportlegur, aflmikill, vandaður og  
með frábæra aksturseiginleika.  
Bíll sem keppir við þá bestu!  
2,4L vél. Verð 5.880 þús. Meðaleyðsla  
8,3L/100km

Alto. Sparneytinn borgarbil  
sem fær frítt í stæði í miðbænum!

Hagstætt verð, ódýr í rekstri.  
Verð kr. 1.890 þús. beinskiptur.  
Meðaleyðsla 4,4L/100km.



Stærri stæði í borgarbæjum  
Visthæfur bíll



FULL  
FRAME  
4x4



Upplifðu einstaka aksturseiginleika  
Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur  
Verð frá kr. 3.350 þús.  
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.

FYRIR SKYNSAMT FÓLK



SUZUKI

TRÁUST UMBOÐ  
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • [WWW.SUZUKI.IS](http://WWW.SUZUKI.IS)



Áhugi á lestri skiptir sköpum:

## Það má líka lesa á sumrin

**B**örn lesa ekki bara minna en þau gerðu áður heldur eru þau síður fær um að tileinka sér innihald og merkingu þess sem þau lesa, þ.e. lesskilningi þeirra er ábótavant. Þessi þróun hefur átt sér stað undanfarna áratugi en svo virðist sem vitundarvakning hafi orðið á undan-gengnum misserum um alvarleika málsins.

Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og dósent við Háskólann á Akureyri ritar grein um lestur í nýttkomið Tímarit Máls og menningar. Þar dregur hún saman niðurstöður rannsókna á lestrarkunnáttu íslenskra barna sem sýna að þau lesa sífellt minna utan skólans, lesskilningi þeirra hrakar, strákar lesa minna en stelpur, íslensk börn lesa síður bækur sér til ánægju en börn í þeim löndum sem við berum okkur saman við og þau lesa minna en börn gera að meðaltali í Evrópu.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að hafa lestur vel á valdi sínu. Vægi þess hefur síst minnkað í því upplýsingasamfélagi sem við lifum í. Brynhildur bendir í grein sinni á þau beinu tengsl sem eru milli lesskilnings og þess að hafa áhuga og ánægju af lestri bóka. „Ef bæta á lesskilning íslenskra barna og þar með námsárangur þarf að efla lestraráhuga þeirra og lestrargleði,“ segir Brynhildur.

Í samfélagi þar sem endalausir affreyngarmöguleikar eru í boði þarf að taka lestur barna allt öðrum og markvissari tökum en þurfti þegar lestrarfærni var lykill að því að geta sótt sér affreyningu. Sem fyrr læra flest börn lestrartæknina innan veggja skólans. Formlegt nám þeirra byggir sömuleiðis að stórum hluta á því að hafa lestur og lesskilning á valdi sínu.

Það blasir hins vegar við að það heyrir fyrst og fremst til friðar foreldra að hvetja börn sín til meiri lestrar. Foreldrar verða að lesa reglulega fyrir börn sín frá því að þau eru kornabörn, halda því áfram þó að börnin hafi náð tökum á lestrartækninni en hvetja þau meðfram markvisst til að lesa sjálf. Þeir verða að tala um bækur við börnin og síðast en ekki síst vera þeim lesandi fyrirmyndir.

Fyrir rúmri viku birtist hér í blaðinu grein Birgittu Elínar Hassel og Mörtu Hlínar Magnadóttur, Ekki lesa ekki neitt. Þar benda þær á rannsóknir sem sýna fram á að börn tapa verulega niður lestrarfærni ef sumarleyfið líður án þess að lestur sé þjálfður – eða án þess að litið sé í bók. Þær hvetja í grein sinni foreldra til að gera lestur að sameiginlegri tómstundaiðu fjölskyldunnar yfir sumarið.

Hér er tekið undir þessa hvatningu. Börnin eru komin í kærkomið frá taktföstum skóladögum og -vikum. Þótt útivist og hreyfing sé vitanlega í fyrsta sæti nú yfir björtustu og hlýjustu mánuðina þá koma líka rigningardagar og hryssingsleg kvöld sem bjóða upp á að taka sér bók í hönd, gefa sig lestrinum á vald og eiga í framhaldinu góðar samverustundir þar sem spjallað er um það sem lesið hefur verið eða það krufið til mergjar.

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. **STJÓRNARFORMADUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Ewald **RITSTJÓRI:** Ólafur P. Stephensen **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **steinunn@frettabladid.is**  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. **ISSN 1670-3871**



## Snúrustaurar

Krókhálsi 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

Lónsbakka  
601 Akureyri  
Sími 461-1070

www.thor.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Söguskýringin

Mörgum finnst skjóta skökku við að lopapeysur séu þrjónaðar í Kína og seldar hér á landi sem íslenskar. Verður að telja það eðlilega umkvörtun og sjálfsgat að taka fram hvar peysur eru þrjónaðar. Einn þeirra sem lét til sín taka í umræðunni var Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins. Í samtali við Fréttablaðið sagði hann íslensku lopapeysuna vera auglýsingamerki okkar Íslendinga. „Þetta er íslensk hönnun, framleidd á Íslandi með aldagamla íslenska sögu og gerð af íslenskum konum til bæja og sveita.“

#### Sannleikurinn

Á heimasíðu Handþrjónasambands Íslands má fræðast um íslensku lopapeysuna og ber upplýsingum þar ekki alveg saman við orð þingmannsins. Þar kemur fram að áhöld eru um hvort peysan sé íslensk, sænsk eða grænensk, þó líklega sé hún nú íslensk. Hins vegar er ljóst að hún kom ekki fram fyrr en á sjötta áratug síðustu aldar og á sér því áratuga, ekki alda, sögu.

#### Ismafjöld

Jón Gnarr og Besti flokkurinn gerðu mikið úr því að þar á bæ væru ekki stunduð hefðbundin stjórnmál. Þess vegna var áhugavert að lesa viðtal við borgastjórnann í laugardagsblaði Fréttablaðsins. Þar segist hann verða meiri og meiri sósíalisti, við séum leiksoppar kapitalismans, hann aðhyllist líbertarían sósíalisma öðru nafni anarkisma. Líklega eru mörg ár síðan íslenskur stjórnmálamaður talaði um jafn marga isma í einu viðtali.

kolbeinn@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Fordómar fjúka ef þeim er sleppt

### Fordómar



**Héðinn Unnsteinsson** sérfræðingur í stefnumótun og alþjóðlegur ráðgjafi í geðheilbrigðismálum

Þriðjudaginn 5. júní skrifaði ung kona, Guðrún Runólfssdóttir, grein í þetta blað undir yfirskriftinni „látum fordóm-ana fjúka“. Mig langar að þakka Guðrúnu fyrir að halda umræðunni um fordóma og mismunun gagnvart þeim sem greinast með geðraskanir opinni. Sá sem þetta skrifar veit að það þarf áræði og kjark til þess að tjá sig um eigið geð. Umræðan um geðheilbrigðismál á Íslandi hefur, eins og umræða um marga aðra málaflökka, verið tvíþóla. Við erum öll sammála um það að það búi allir við misgóða geðheilsu. Það var á þeim nótum að geðheilsuna ættum við sameiginlega, sem verkefnið Geðrækt var sett á laggirnar fyrir 12 árum síðan. Það að við gætum öll ræktað og eflt okkar geðheilsu, hversu mikið sem við ættum af henni. Afurðum verkefnisins s.s. geðorðun-um 10 var beint til allra. Eitt af markmiðunum var að draga úr fordómum og sameina landsmenn um forskeytið „geð“ hvað svo sem fylgdi í kjölfar þess. Það er nú svo að þrátt fyrir alla

umræðuna um geðheilbrigðismál síðustu áratuginna þá er það upplifun mín, sem endurspeglar að hluta í rannsókn Jóns Gunnars Bernburgs og Sigrúnar Ólafsdóttur um fordóma gegn fólki með geðraskanir, að fordómar séu enn miklir þó mismununin sé ekki sýnileg. Fordómarnir liggja í djúpinu en oftast er allt kyrrt á yfirborðinu. Fordómar eru eins og innri forskrift sem lifir innan hvernar mannværu eins og kalkíppír sem áþreifanlegt birtingarform mismununar endurspeglar í gegnum. Birtast í orði og athöfn. Það að lifa óklofinni tilveru og tala opinskátt um geðheilbrigðismál og eigin reynslu krefst styrks. Um leið og ég þakka Guðrúnu aftur fyrir einlægni hennar og áeggjan um breytingar hvet ég hana til að halda áfram. Jafnframt vil ég hvetja þann u.þ.b. fjórðung landsmanna sem glímur við geðraskanir að gera slíkt hið sama. En gleyma því ekki að á sama tíma á sá fjórðungur geðheils-una sameiginlega með öllum landsmönnum og um hana eigum við að sameinast.



# Latte og annað þjatt

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur



Umræða um sjávarútvegsmál hér á landi beinist alltaf fyrr eða síðar að kaffidrykkju og búsetuháttum sem tengdir eru tilteknu borgarhverfi. Það er athyglisvert. Ýmsum kann að þykja það til marks um ósiði í umræðuháttum hér á landi og enn eitt dæmið um það hvílkir asnar Íslendingar séu (með hinni óhjákvæmilegu tilvitnun í Steinar Sigurjónsson um að Íslendingar séu hænsn) – en ég er ekki viss um að málið sé svo einfalt.

Málið er aldrei einfalt. Málið: orðin sem við notum til að tala saman – og sundur.

## Sameiningartákn

„Þegar kaffið kemur inn / kætist okkar sinni. / Undarlegan yl ég finn / orna sálu minni,“ orti Þormóður Ísfeld Pálsson um kaffið. Blessað kaffið: það er sjálfur þjóðardrykkurinn. Það fylgir okkur frá morgni til kvölds. Það vekur okkur á morgnana og hjálpar okkur að horfast í augu við amstur komandi dags. Það yljur okkur á köldum stundum. Það róar okkur þegar við erum í uppnámi. Það hressir okkur þegar við erum dáðlaus.

Ekkert er hversdagslegra en kaffi; enginn drykkur jafn nátengdur dagsins önn í lífi venjulegs Íslendinga. Þetta er

drykkur stundarinnar milli stríða. Kaffið er okkar friðarþípa. „Ætlarðu ekki að kíkja bráðum í kaffi?“ segjum við hvert við annað þegar okkur langar að friðmælast eða tengja aftur rofin bönd; við ræðum málin yfir kaffibolla. Slík unaðssæla fylgir áhrifunum að það er óhugsandi að vera í vondu skapi að drekka kaffi. Kaffið er sameiningartákn íslensku þjóðarinnar – það færir okkur saman. Þetta er drykkur samræðu og sáttar, þar fylgir vinátta vellíðan.

Hvernig viltu hafa kaffið? Það segir sína sögu um manninn: fólk sem fær sér mjólk í kaffið vill mýkja bragðið, er makráðara og skrautgjarnara en þau hin sem drekka kaffið svart og sykurlaust – umbúðalaust – stælalaust. Fólk sem drekkur uppáhelling – helst kaffi með þessu gamla moldarbragði sem við kennum við Braga (guð skáldskapar) vill ekkert þjatt og hugsar fyrst og fremst um notagildi matar og drykkjar, að þetta virki eins og það á að virka – og hver segir að þetta þurfi að vera eitthvað bragðgott líka? – og svo eru sumir sem hafa sterkar skoðanir á því hvernig uppáhellingurinn fari fram, allt frá hitastigi vatnsins til þess hvernig kúrfan á kaffinu í trektinni skuli vera.

Kaffið talar. Að kaffibollanum drukknur er saga þín skráð handa þeim sem lesa kann. Þar eru ferðalög, giftingar, fjallgöngur, barnalán og dauðsföll – gæfa og ólán. Það er engin hégómaiðja að drekka kaffi með annarri manneskju. Maður er

að samneyta henni, deila með henni líðandi og komandi stundum – lífi sínu.

## Sundrungartákn

Ásökunin er þessi: þú vilt ekki drekka með mér kaffi; vilt bara drekka þitt útlenska kaffi með heiti sem ég fatta ekki. Þú býrð til eitthvað ókunnugt úr því kunnuglegasta af öllu. Er hægt að hugsa sér meiri uppskafningshátt? Café latte er eintómt þjatt. Það er tákn um yfirborðs-

saddur og latur af því að drekka það en ekki hress og æstur í að fara að djöflast.

Nei nei. Þetta er í raun og veru alþýðlegt mjólkurkaffi drukkið úr glasi, eins og maður man eftir í sveitinni þar sem kexi var dýft ofan í það. Kaffi sem hefur verið umvafið orðum. Bærinn er skrytinn, hann er fullur af orðum.

Við brosum yfir mynstrinu sem gert hefur verið á mjólkurfroðuna og súpum svo varlega á og finnum þykka og mjúka froðuna

„Ekkert er hversdagslegra en kaffi; enginn drykkur jafn nátengdur dagsins önn í lífi venjulegs Íslendinga. Þetta er drykkur

stundarinnar milli stríða. Kaffið er okkar friðarþípa.

„Ætlarðu ekki að kíkja bráðum í kaffi?“ segjum við hvert við annað þegar okkur langar að friðmælast eða tengja aftur rofin bönd; við ræðum málin yfir kaffibolla.

mennsku og merkilegheit. Það er drykkur þess sem leitar út en ekki inn, leitar að sjálfsmynd sinni í evrópskri menningu í stað þess að finna hana inni í sér, í stuðlum og höfuðstöfum, pelastikki og bragðvöndu kaffi. Það er drykkur þess sem yfirgaf. Þess sem segir: ég er kominn lengra en þú, drekk öðruvísi kaffi en þú; það heitir útlensku nafni sem þú skilur ekki og það er mjög fínt. Caffé latte er drykkur froðusnakksins, enda einkum mjólkurfroða og ekkert inntak; það er drykkur lettingjans, maður verður

gæla við varirnar og síðan dökt og bragðmikið kaffibragðið sem leynist þar undir. Við finnum að Reykjavík er alls konar, stundum meira að segja borg; hér eru núllustaðir og skóbúðir, snyrtifræðingar, rapparar og gangandi vegfarendur. Og lettingjar. Og fólk sem talar með handasveiflum, fólk með alls konar göngulag, alls konar fólk sem fæddist á alls konar stöðum en á hér heima; alls konar litir og – auðvitað – alls konar orð. Því að útlönd hafa alltaf verið á Íslandi og íslensk menning sem er ekki um leið útlensk menning – hún deyr.

AF NETINU

## „Bara“ Árni Johnsen

Ekki eru miklar kröfur gerðar til sumra íslenskra þingmanna. Þeim leyfist að opinbera fávísku sína, fordóma, vanþekkingu og ranghugmyndir, auk þess sem fyllilega er leyfilegt að móðga heilar þjóðir með einhverjum rugluðum heilaspuna.

Og það þykir ekki taka því að minnst á það, hvorki í fjölmiðlum né af öðrum þingmönnum þegar boðið er upp á svona bull á Alþingi Íslendinga:

„Þýskaland og Frakkland eru þrælbandalög nútímans....“

Ég veit að nú munu ýmsir segja: „Ei, þetta var nú bara hann Árni Johnsen. Þú veist hvernig hann er.“ Já, reyndar veit ég hvernig Árni Johnsen er.

Er það gild afsökun fyrir því að þingmaður fari með ruddalegt rugl eins og þetta? Hefur þessi maður enga sómatilfinningu?

[blog.eyjan.is/illugi](http://blog.eyjan.is/illugi)

Illugi Jökulsson

## Vilja lyfta og brenna

Börn í dag kunna lítið af leikjum og vilja bara æfa einsog fullorðna fólk, þau vilja fá að „lyfta“ og „brenna“, þetta hef ég lært af biturri reynslu í gegnum starf mitt með börnum og unglingum. Sú staðreynd að börn segi tæpitungulaust að þau hafi „borðað óhollt í gær en það sé í lagi þar sem þau brenndu svo miklu“ er sorgleg. Börn, sama á hvaða aldri þau eru eiga ekki að kunna þessi hugtök og hvað þá kunna að tengja þau inn í sitt daglega líf, þarna er komið vandamál sem er alfarið okkur að kenna.

[pressan.is/pressupennar](http://pressan.is/pressupennar)

Fannar Karvel



SMÁRAGARÐUR

TIL LEIGU

FRÁBÆR STAÐSETNING MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU!



Frábærlega staðsett atvinnuhúsnæði í Breiddinni Kópavogi.

500 – 1800 m<sup>2</sup> rými við Skemmuveg 2, neðri hæð, þar sem áður var lagnadeild BYKO.

Húsnæðið hentar vel fyrir lager eða verslun.

Áhugasamir hafi samband við Stein Jóhannsson í síma 842-4909 eða í tölvupóstfangið steinnj@smaragardur.is.

Smáragarður, Bildshöfða 20, 110 Reykjavík, sími 585 2900, [www.smaragardur.is](http://www.smaragardur.is)





**53 HUGH LAURIE** leikari á afmæli í dag.  
„Að fá að þykjast vera eitthvað sem ég er alls ekki er bæði frelsandi og spennandi.“

## Merkisatburðir 11. júní

- 1535** Greifastríðinu í Danmörku lýkur með sigri Kristjáns 3. í orrustunni við Øksnebjerg.
- 1870** Bruggverksmiðjan Amstel er stofnuð í Hollandi.
- 1910** Gasstöð Reykjavíkur tekur til starfa og starfar til 1955.
- 1911** Melavöllurinn í Reykjavík vígður.
- 1957** Handknattleikssamband Íslands er stofnað.
- 1975** Lög um fóstureyðingar við sérstakar aðstæður taka gildi á Íslandi.
- 1982** Orrustan um Stanley, lokaorrusta Falklandseyjastríðsins, hefst.
- 1987** Margaret Thatcher verður fyrsti breski forsætisráðherrann sem sigrar í þrennum kosningum í röð í 160 ár.
- 1994** Sveitarfélögum á Íslandi fækkar um 18 er 25 sveitarfélög sameinast í 7 ný.
- 2004** Ronald Reagan, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, er borinn til grafar.

## AFMÆLISBÖRN

<p><b>ROBYN</b> tónlistarkona er 33 ára í dag.</p> 	<p><b>GENE WILDER</b> leikari er 79 ára í dag.</p> 
<p><b>JOEY SANTIAGO</b> bassaleikari Pixies er 47 ára í dag.</p> 	<p><b>JOSHUA JACKSON</b> leikari er 34 ára í dag.</p> 



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍN JÓNA JÓHANNSDÓTTIR**  
Boðahleín 8, Garðabæ,

sem lést sunnudaginn 3. júní, verður jarðsöngin frá Víðalínskirkju mánudaginn 11. júní kl. 13.00.



<p><b>Simon Þór Waagfjörð</b> <b>Kristín Sigríður Vogfjörð</b> <b>Jónína Waagfjörð</b> <b>Jóhanna Waagfjörð</b> barnabörn og barnabarnabörn.</p>	<p><b>Gunnar S. Sigurðsson</b> <b>Páll K. Pálsson</b></p>
--	---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**MAGNÚS JÓNSSON**  
fyrirverandi skólastjóri,

lést miðvikudaginn 6. júní sl. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 12. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Grundar, s.: 530 6100.



<p><b>Sigrún Jónsdóttir</b> <b>Gyða Magnúsdóttir</b> <b>Jón Magnússon</b> barnabörn og barnabarnabörn.</p>	<p><b>Ársæll Jónsson</b></p>
--	------------------------------



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**LAURI OLAVI HENTTINEN**  
Urðarstekk 4, Reykjavík,

sem andaðist 25. maí, verður jarðsönginn frá Garðakirkju, Álfanesi, miðvikudaginn 13. júní kl. 13.00.



<p><b>Auður Gísladóttir Henttinen</b> <b>Guðrún Hannele Henttinen</b> <b>Hans Vihtori Henttinen</b> <b>Ívar Esa Henttinen</b> <b>Egill Kalevi Karlsson</b> <b>Gréta Lísa Karlsdóttir</b> <b>Elin Eva Karlsdóttir</b> <b>Íris Saara Henttinen</b> <b>Karlsdóttir</b> <b>Viktor Hugji Henttinen</b> og barnabarnabörn.</p>	<p><b>Karl Alvarsson</b> <b>Ingunn Alda Sigurðardóttir</b>  <b>Irma Gná Henttinen</b> <b>Auður Ilona Henttinen</b> <b>Styrmir Eero Henttinen</b>  <b>Hekla Toini Henttinen</b></p>
--	--

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

## PETTA GERÐIST: 11. JÚNÍ 1979

# John Wayne deyr úr magakrabba

Leikarinn ástsæli John Wayne lést af völdum magakrabba þann 11. júní 1979 á UCLA Medical Center í Los Angeles. Hann hafði krafist þess að áletrunin „Feo, Fuerte y Formal“ eða „Ljótur, sterkur og vandur að virðingu sinni“, yrði grafin á legsteini sinn, en við því urðu afkomendur hans ekki. Gröfin í Pacific View Memorial Park kirkjugarðinum var ómerkt í tuttuðu ár en skartar nú legsteini með tilvitnun í frægt Playboy-viðtal við Wayne.

John Wayne hét í raun Marion Robert Morrison og fæddist í Winterset í Iowa-ríki þann 26. maí 1907. Hann sló fyrst í gegn sem leikari í myndinni Stagecoach, sem John Ford leikstýrði árið 1939. Eftir það varð ekkert lát á vinsældum hans og lék hann alls í 142 kvikmyndum á ferlinum, aðallega vestrum. Meðal frægustu mynda hans eru Rio Grande og True Grit sem fyrir skemmstu var endurgerð með Jeff Bridges í hlutverkinu sem Wayne gerði ódauðlegt.



## JÓNAS BJÖRGVINSSON OG HLJÓMSVEITIN UMMHMM: GEFA ÚT STYRKARLAG

# Tíleinkað öllum þeim sem hafa glímt við krabbamein

„Ég hafði Laufeyju vinkonu mína í huga allan tímann meðan ég samdi þetta lag og þennan texta,“ segir tónlistarmaðurinn Jónas Björgvinsson sem, ásamt hljómsveitinni Ummhmm, hefur sent frá sér lagið Laufin lifa. Lagið tileinkar höfundurinn minningu Laufeyjar Ingibjartsdóttur, vinkonu sinnar sem hann tengdist einnig fjölskylduböndum, sem lést af völdum krabbameins í maí á síðasta ári. „Auk þess að tileinka minningu Laufeyjar lagið tileinka ég það einnig vinum, kunningjum og ættingjum sem barist hafa við þennan erfiða sjúkdóm. Ég þekki margra sem hafa glímt við krabbamein,“ segir Jónas.

Laufey lætur eftir sig tvíbura-drengi og voru haldnir styrktartónleikar fyrir þá í fyrrahaust, en faðir þeirra er einnig látinn. Lagið verður aðeins gefið út á rafrænu formi á vefsvæðinu Tónlist.is. Það kostar 349 krónur og mun öll innkoma af netsölu lagsins skiptast jafnt á milli Krabbameinsfélagsins og styrktarsjóðs drengjanna í heilt ár. Allir sem að laginu koma, tónlistarmenn, hljóðver og Tónlist.is, gefa vinnu sína.

Jónas stofnaði hljómsveitina Ummhmm árið 1998 utan um tónlist sína og gaf hún út plötuna Haust sama ár. „Það var söngkonan Þórunn Pálína Jónsdóttir sem kom með hugmyndina að þessu nafni á hljómsveitina þegar það vantaði eitthvað í flýti. Þetta nafn fer stundum í taugarnar á útvarpsfólki sem veit ekki hvernig á að bera það fram,“ segir Jónas og



UMMHMM Frá vinstri: Birgir Baldursson, Unnur Birna Björnsdóttir, Þórður Högnason, Jónas Björgvinsson, Eðvarð Lárússon, Þórunn Pálína Jónsdóttir. Á myndina vantar Eirík Rafn Stefánsson.

hlær. „Sveitin hefur verið í nokkuð góðri pásu lengi en það er alltaf eitthvað á döfinni og hefur lengi staðið til að gera eitthvað meira. Einmitt núna er ný plata á teikniborðinu og hugsanlegt að þetta nýja lag, Laufin lifa, verði kveikjan að frekari vinnu við hana.“

Auk Jónasar og söngkonunnar Þórunnar Pálínu Jónsdóttur skipa hljómsveitina Ummhmm þau Eðvarð Lárússon á gítar, Þórður Högnason á kontrabassa, Birgir Baldursson á trommur, Unnur Birna Björnsdóttir á fiölu og Eiríkur Rafn Stefánsson á trompet.

kjartan@frettabladid.is




DJASSTÓNLEIKARÖÐ Sigurður Flosason kemur fram með kvartett sínum og sænska gítarleikarans Hans Olding.

## Flosason-Olding kvartett á KEX

Flosason-Olding, kvartett sænska gítarleikarans Hans Olding og íslenska saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar kemur fram á næstu tónleikum djass-tónleikaradárinnar á KEX Hostel, Skúlatúni 28, annað kvöld, þriðjudaginn 12. júní klukkan 21.

Auk þeirra Hans Olding og Sig-

urðar Flosasonar skipa hljómsveitina íslenski kontrabassaleikarinn Þórgímur Jónsson og sænski trommu-leikarinn Erik Qvick. Kvartettinn mun flytja valda djassstandarda, meðal annars eftir Benny Golson, Dizzy Gillespie og Bud Powell. Sem fyrr er aðgangur ókeypis,



EVROPUMÓTIÐ Það er fleira hægt að gera en að lesa bækur á Borgarbókasafninu.

## EM á bókasafninu

Leikir sem fram fara á Evrópumótinu í knattspyrnu í Póllandi og Úkraínu þessar vikurnar eru sýndir í hágæðum í Kamesinu á 5. hæð Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15.

Daglegar útsendingar eru á leikjunum á opnunartíma safnsins. Einnig er heitt te á könnunni, tónlist þátttökupjóðanna í útstillingu á 1. hæð og bækur um þátttökupjóðirnar og fótbolta á 5. hæð.

Aðgangur er að sjálfsögðu ókeypis eins og ávallt á Borgarbókasafni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÍSLENSK HÖNNUN

Sýning á íslenskri vöruhönnun stendur nú yfir í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ. Þar er skyggst inn í hugarheim valdra hönnuða en á sýningunni eru um 50 verk. Sýningin ber heitið Saga til næsta bæjar og stendur til 14. október. | WWW.HONNUNARSAFN.IS

COBB

Tilvalið kolagrill í ferðalagið, bátinn eða pallinn. Sparneytið á kol, aðeins 8-12 kolamolar duga fyrir steikingu. Hægt að staðsetja á borði meðan grillað er þar sem grillið hitnar ekkert að utanverðu.



Söluaðilar: Garðheimar - Húsasmíðjan - Bauhaus.



## BÝR TIL FALLEGA MUNI ÚR GLERI OG FLÍSUM

**Í GLERINU** Listakonan Vigdís Birgisdóttir býr til falleg gler- og mósaíklustaverk. Hún segir þörfina til að skapa fallega muni vera drifkraft verkanna.

Vigdís Birgisdóttir hefur í áratugi þrjónað, saumað og heklað og skapað þannig fallega handunna muni. Í dag býr hún til falleg glerlistaverk og límír mósaíkmyndir úr flísum á borð, stóla og aðra muni.

„Mér fannst orðið erfitt að þrjóna og ég fékk verki í hendur og axlir af því og ákvað að reyna eitthvað nýtt. Þegar ég sá að boðið var upp á námskeið í glerlist í Gerðubergi fyrir eldri borgara sló ég til og skráði mig. Það var svo skemmtilegt að ég gat varla beðið eftir næsta tíma. Þetta var fyrir níu árum og ég fer þangað einu sinni í viku enn þann dag í dag,“ segir Vigdís.

Fullbúin vinnustofa er á heimili hennar þar sem hún vinnur flest sín

verk. Áður en byrjað er að skera myndirnar þarf að hanna þær og teikna upp. Hugmyndirnar að myndunum koma frá henni sjálfri en stundum leitar hún til dóttur sinnar, myndlistakonunnar Aðalbjargar Þórðardóttur til að útfæra myndirnar. Svo sest hún niður og sker glerið í réttar stærðir, slípar það til og lóðar saman með tini eða klippir niður flísabúta og límír þá niður og fúgar á milli.

„Það er erfiðast að skera glerið og oft ákveðin spennu sem fylgir því: Brotnar það eða brotnar það ekki?“ segir Vigdís glaðbeitt.

Í gegnum tíðina hefur hún gefið vinum og fjölskyldu gjafir sem hún býr til sjálf og eiga allflest þeirra húsgagn með mósaíkverki á eða glerlistaverk

**BLÍÐA Í GARÐINUM**  
Vigdís nýtur þess að gera umhverfi sitt fallegt með list sinni.



**MÓSAÍK GRAFFITI**  
Fagurlega skreytt skjólgirðing með flísam og gleri.

FRAMHALD Á SÍÐU 2

## Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

**TUDOR** SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

## Sofðu vel - heilsunnar vegna

VORTILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



12 mánaða vaxtalausar greiðslur\*



Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu. Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.



Gerðu gæða- og verðsamanburðu

Svefn & heilsa



\*3.5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00





**ÚTSALA HAFIN!**

**B/A/S/L/E/R Parisar**  
TÍZKAN

Skipiholti 29b • S. 551 0770



**FALLEGT ÚTI**

Nú er rétti tíminn til að þrifa stéttina og pallinn. Hægt er að lífga upp á umhverfið með stórum leirpottum og setja falleg blóm í þá. Á myndinni eru leirpottar frá versluninni Pottery Barn í Bandaríkjunum. Nýlega opnaðist möguleiki á að panta beint frá versluninni til Íslands. Sjá [www.potterybarn.com](http://www.potterybarn.com).



**Hiti í bústaðinn**

Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitarar fyrir heita potta




**Rafhitun**

Íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • [www.rafhitun.is](http://www.rafhitun.is)



**FALLEGR FULGAR**  
Fallegar kriur prýða stofugluggana hjá Vigdís. Lítil kullur getur breyst í fagurt listaverk.

**LISTRÆN AMMA**  
„Það er erfiðast að skera glerið og oft ákveðin spenna sem fylgir því: Brotnar það eða brotnar það ekki?“



**FJÖLL OG FIRNINDI** Fallegar landslagsmyndir sem hleypa ljósinu í gegnum sig.

**FRAMHALD AF FORSÍÐU**

hangandi í glugganum hjá sér. „Ég hef til dæmis gert landslagsmyndir, blómamynstur, engla og fleira. Upp á síðkasti hef ég unnið að fuglamyndum. Í raun og veru snýst þetta um að búa til eitthvað fallegt og það er alveg sama úr hverju það er, hvort það er prjónað, heklað, saumað eða unnið úr gleri og flísum eða öðru. Svo er gaman að breyta til og prufa eitthvað nýtt.“



**KRUMMINN Á SKJÁNUM**  
Hér flýgur krumminn glerfínn.

**OKKAR BAKARÍ**

**GOTT Í BARNAAFMAELIÐ**

Mikið úrval af skemmtilegum kökum í afmælið

Bjóðum einnig upp á eggjalausar tertur



**Tangled, Cars, Hello Kitty, Spiderman, Barbie, Svampur Sveinsson og margt fleira.**

Kynntu þér úrvalið á [www.okkarbakari.is](http://www.okkarbakari.is) og á [facebook.com/okkarbakari](https://facebook.com/okkarbakari)

Okkar bakarí | Iðnbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 8070

**SUMAR Á SVALIRNAR**

Lítið pláss þarf ekki að standa í vegi fyrir sumrinu. Handlagni og útsjónarsemi er allt sem þarf til að skapa lítinn ævintýragarð á svölunum eða veröndinni.

Sæmilega stór blómappottur eða bakki á svalahandriðið er einfaldasta leiðin til að fá sumarið upp á svalirnar ef enginn er garðbletturinn. Í netheimum er þó að finna aragrúa hugmynda að öðruvísi og sniðugum svalagörðum sem með smá fyrirhöfn gefa svölunum ævintýraleagan blæ.

Á síðunni [www.lifeonthebalcony.com](http://www.lifeonthebalcony.com) eru margar skemmtilegar hugmyndir. Þar er meðal annars hægt að finna leiðbeiningar að „lóðréttum garði“ úr vörubretti sem tekur lítið pláss á svölunum. Annarri hlið brettisins er einfaldlega lokað með plastdúk áður en það er fyllt af mold. Rétt er að pússa yfir fjalirnar með sandpappír til að fá ekki flísar. Þá er blómunum plantað í rifurnar og byrjað neðst og svo skal vökva vel. Mælt er með því að láta brettið liggja fyrstu dagana svo plönturnar nái að róta sig áður en það er reist upp við vegg.




**Á SVALIRNAR** Sniðugur garður úr vörubretti. MYND/STEPH LAWRENCE

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is)**, s. 512 5473  
**Sverrir Birgir Sverrisson, [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is)**, s. 512 5432  
**Elsa Jensdóttir, [elsaj@365.is](mailto:elsaj@365.is)**, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900

landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 2312



Bergur Steingrímsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 6751



Sveinn Eyland  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 690 0820



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson  
Sölufulltrúi  
Sími 892 1931



Eggert Mariússon  
Sölufulltrúi  
Sími 690 1472



Júlíus Jóhannsson  
sölufulltrúi  
sími 823 2600



Haraldur Ómarsson  
sölufulltrúi  
sími 845 8286

## Við erum Landmark\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Fjórir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.



Opið hús miðvikudaginn 13. júní kl. 17:00 - 17:30  
Blönduhlíð 2 - Ris



OPÍÐ HÚS

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá!

mikið endurnýjuð 3ja - 4ra herbergja falleg risibúð með 5 kvistum. Skiptist í 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð og geymslu/vinnuástöðu á rislofti. Þónokkrir duldírl fermetrar undir súðinni. **63,5 fm Áhvilandi 16,5 Verð 22,9 m**

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is  
Auður Kristinsdóttir



Fallegt einbýlishús við Sefgarða á Seltjarnarnesi.

## Fallegt hús eftir Kjartan Sveinsson

Þingholt fasteignasala kynnir: Sefgarðar 16. Einstaklega fallegt og vel með farið einbýlishús við þessa rólegu götu á Seltjarnarnesi. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni.

Þak og fleira. Húsið stendur á 716 fm eignarlóð. Á húsina er einstaklega fallegt þakskyggni sem gerir húsið enn fallegra.

Nánari lýsing eignarinnar er sem hér segir: Forstofa er flísalögð, þar er góður skápur. Inn af forstofu er gestasnyrting. Úr forstofu er komið inn í flísalagt alrými. Stofa og eldhús eru í opnu rými. Í eldhúsi er falleg, sérsníðuð innrétting en inn af eldhúsi er þvottahús og þaðan er útgengt út í garð og að bílskúr. Sér svefnherbergisálma með fjórum svefnherbergjum en eitt þeirra gæti

verið tvo herbergi. Baðherbergið er flísalagt í topp og er þar bæði baðkar og sturtuklefi.

Útgengt er út í garð frá holi og er þar steiptur pallur, lóðin er mjög stór og falleg og er afgirt með háu grindverki. Bílskúrinn er tvöfaldur með hita, rafmagni og í mjög góðu ástandi. Ekkert áhvilandi.

Þetta er eign sem alltaf hefur verið vel við haldið og lítur einstaklega vel út.

Allar upplýsingar gefur Sigurður í síma 512 3606 eða 616 8880 einnig á tölvupósti sos@tingholt.is.

VISVAÐA AÐ...  
BÖRN EIGA RÆTT Á  
VERND GEGN OFBELDÍ?



Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson  
sölufulltrúi og lögg. leigumíðlari



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Anna Svava Árnadóttir  
sölufulltrúi



Ruth Einaradóttir  
sölufulltrúi



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook



**Vesturhús - efri sérhæð.**  
Mjög falleg og vel skipulögð efri sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr með stórglæsilegu útsýni við Vesturhús í Grafarvogi. Laus til afhendingar. **V 46,9 m. Andri 690 3111**



**Hávegur - einbýli á einni hæð.**  
Mikið endurnýjað 136 fm einbýlishús á einni hæð ásamt 61,2 fm bílskúr við Háveg í Kópavogi. Gróinn og fallegur garður í mikilli rækt. **V 46,9 m. Andri 690 3111**



**Bauganes 4 - OPÍÐ HÚS.**  
Sérlega vel skipulögð og hönnuð, tæplega 200 fm, efri sérhæð í Skerjafirðinum. Þrjú herbergi, tvær stofur og stórt sjónvarpshol. Parket á gólfum. Stórar yfirbyggðar suðursvalir. Mikil lofthæð í stofum gefur íbúðinni skemmtilegan svip. **Verð 46,5 m. Opíð hús í dag frá kl. 17:30 - 18:00. Finnbogi 895 1098**



**Tunguvegur - raðhús.**  
Vel skipulagt um 130 fm raðhús á þremur hæðum. Endurnýjað, hús nýlega viðgert o.fl. Möguleiki á 4-5 svefnherb. Góður sólpallur í suður í sérgarði. **V. 29,0 m. Gústaf 895 7205**



**Stíflusel - 4ra herb.**  
Góð 115 fm íbúð á jarðhæð með góðum sólpalli við Stíflusel. Þrjú rúmgóð svefnherbergi og stór stofa. **V. 18,9 m. Ruth 659 2512**



**Dalsel -**  
Góð og vönduð 98 fm íbúð á fyrstu hæð ásamt staði í bílskúli við Dalsel í Seljahverfinu. **V 20,9 m. Ruth 659 2512**



**Hringbraut 119 - OPÍÐ HÚS.**  
Mjög 3ja herbergja íbúð á fimmm hæð í fimm hæða lyftuhúsi við Hringbraut í Reykjavík ásamt íbúðarherbergi sem býður upp á góðar leigutekjur. Eigninni fylgir staði í bilageymslu. Íbúðin snýr í suðvestur. **V 23,7 m. Opíð hús í dag frá kl 17:30 -18:00. Anna s. 664-6901**



**Blikaás - Hafnarfjörður**  
Fin 3ja herbergja 85,7 fm íbúð á 2.hæð í litlu fjölbýli. Sérinnangangur. Útsýni. Parket og flisar á gólfum. Þvottahús innan íbúðar. Ekkert áhvilandi. **Verð 21,5 millj. Gústaf 895 7205**



**Sóltún - 3ja herb**  
Fin 81,1 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með hellulagðri verönd og skjólgirðingu í nýlegu fjölbýli á besta stað. Parket og flisar á gólfum. Ekkert áhvilandi. **Verð 24,5 millj. Gústaf 895 7205**



**Faxatún - Garðabæ**  
Mikið endurnýjað 164,4 fm einbýlishús á einni hæð. Fjögur svefnherbergi. Parket og flisar á gólfum. Glæsilegur garður í góðri rækt. Bílskúr. Ekkert áhvilandi. **Verð 44,9 millj. Gústaf 895 7205**





**ENGJATEIGUR 7  
TIL LEIGU EÐA SÖLU**

**GLÆSILEG SKRIFSTOFUBYGGING**

Vegna flutnings höfuðstöðva Ístaks hf. að Bugðfljóti 19, Tungumelum í Mosfellsbæ er þessi glæsilega skrifstofubýgging til leigu eða sölu. Sjálf skrifstofubýggingin er 2.809,0 fm að stærð, þrjár hæðir og kjallari auk 1.051 fm bílakjallara. Fasteignin skiptist í móttöku, afstúkaðar skrifstofur og opin vinnurými, fundarsali, fyrirlestrarsal, tækniými, skjalageymslur, eldhús með matsal o.fl.

**Möguleiki er að leigja eignina út í hlutum skv. nánara samkomulagi.** Húsið er byggt árið 2003 og er samstarfsverkefni á milli dönsku arkitektastofunnar KHR arkitektar og Arkis arkitekta. Byggingin er hönnuð sem opin, gegnsæ og gagnvirk bygging sem hvetur til samskipta fólks. Dagsbirta og árstíðirnar endurspeglast innanhúss í stórum gluggaflötum. Byggingin er vel staðsett miðsvæðis í Reykjavík og í góðum tengslum við Laugardalinn. Eignin getur verið laus til afnota fljótlega.

**SÉRBYLI**



**Mávanes- Garðabæ**

Glæsilegt einbýlishús á sunnanverðu Arnarnesi. Vandað og vel skipulagt 312,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað á sunnanverðu Arnarnesinu. Húsið er mjög fallett „funkis“ hús með kopar þakkanti og gólfisíðum gluggum að hluta. Útsýni til sjávar er á milli húsa, úr stofum. Samliggjandi bjartar stofur. Borðstofa með útgangi á verönd. Eldhús með innréttingum úr aski. Sex svefnherbergi. Tvö baðherbergi auk gestasalernis. Aðalbadherbergi hússins er nýlega endurnýjað. Húsið er nýlega málað að utan. Stór, ræktuð og skjólsæl lóð með veröndum og stéttum. Hiti er í innkeyrslu og göngustigum við húsið. Tvöfaldur bílskúr. **Tilboð óskast**



**Bláskógar.**

Vandað og þó nokkuð endurnýjað um 290,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum bílskúr á fallettum útsýnisstað. Í húsinu eru tvær íbúðir og er sér inngangur í hvora fyrir sig. Aðalíbúðin skiptist m.a. í samliggjandi stofur með arni, rúmgott eldhús, nýendurnýjað baðherbergi og 4 herbergi. Ræktuð lóð með skjólgóðri verönd. Hiti í innkeyrslu. Þakkantur, gluggar og hús að utan eru nýlega máluð. **Verð 69,0 millj.**



**Miðhús**

Fallett 210,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 32,0 fm. bílskúr. Rúmgóð og björt stofa. Fallett eldhús með góðri borðaðstöðu. Sjónvarpsstofa. Fjögur svefnherbergi. Útgengi á svalir til suðurs úr hjónaherbergi og einu barnaherbergi. Lóð hönnuð af Stanislas Bohic. Hellulagt upphitað bílplan. **Verð 52,9 millj.**



**Klettás- Garðabæ**

Mjög vandað og vel skipulagt 180,0 fm. tvílyft raðhús með 22,2 fm. innbyggðum bílskúr á skjólgóðum útsýnisstað í Ásahverfinu. Vandaðar hvítar sprautulakkaðar innréttingar og fataskápar eru í húsinu. Á teikningu eru 5 svefnherbergi, en í dag eru 3 svefnherbergi og stofurými á efri hæð stórt og opið. Aukin lofthæð á efri hæð og innfjelld lýsing í loftum. Suður-svalir út at stofum. Stór verönd með skjólveggjum. Hiti í innkeyrslu og stétt. **Verð 54,9 millj.**



**Melgerði**

Glæsilegt einbýlishús á frábærum stað með glæsilegri afgirtri og gróinni lóð með miklum hellulögðum veröndum. Nýlega endurnýjað eldhús. Bjartar og rúmgóðar stofur. Sólskáli. Tvö svefnherbergi (þrjú á teikningu). Flisalagðar svalir út af hjónaherbergi. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum m.a. er nýr marmarasallí á húsinu að utan og nýleg skífa á þaki. Fallett lítið hús á baklóð. **Verð 47,0 millj.**

**4 - 6 HERB.**



**Ásakór-Kópavogi. 5 herbergja íbúð með bílskúr.**

Glæsileg 154,7 fm. 5 herbergja íbúð á efstu hæð auk bílskúrs með 8,4 fm. geymslu innaf. Tvennar svalir eru á íbúðinni til suðurs og austurs og fallett útsýni. Rúmgóð stofa, eldhús opið við stofu og 4 rúmgóð herbergi. **Stutt í skóla, sundlaug og verslanir. Verð 39,9 millj.**



**Pingasel**

Glæsilegt 363,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum m.a. er búíð að skipta um öll gólfefni, innréttingar, innihurðir, bæði baðherbergi o.fl. Stórt opið rými sem í eru samliggjandi stofur með útsýni að Esjunni. Stórt eldhús með eyju og góðri borðaðstöðu. Sjónvarpsstofa inn af holi. Mjög stórt hjónaherbergi með miklum fataskápum og innréttingum. 3 barnaherbergi. Innaf tvöföldum bílskúr eru góðar geymslur og rými sem nýtt hefur verið undir líkamsrækt. Stór lóð með skjólgóðum veröndum. **Verð 67,0 millj.**



**Máshólar.**

Fallett, vel skipulagt og afar vel viðhaldið 242,9 fm. einbýlishús á þremur pöllum með 57,8 fm. 2ja herbergja aukaíbúð á jarðhæð. Aðalíbúðin skiptist m.a. í rúmgott hol með útgangi á verönd til suðurs, fjögur herbergi, eldhús með þvottaherbergi/búri innaf, samliggjandi rúmgóðar stofur með útgangi á flisalagðar svalir og flisalagð baðherbergi. Fallett útsýni úr stofum út á sundin, að Esju og víðar. Nýlega hellulagðri innkeyrslu og stéttum. Garðhús á lóðinni með rafmagni og köldu vatni. **Tilboð óskast.**



**Fjölisvegur- efri sérhæð**

Góð 4ra herbergja 109,3 fm. efri sérhæð auk riss í tvíbýlishúsi á þessum eftirsóttá stað. Aukin lofthæð er á hæðinni og útsýni nýtur frá íbúðinni. Hæðin skiptist í samliggjandi opnar stofur, eldhús, tvö herbergi, flisalagð baðherbergi og þvottaðstöðu. Í rísi lítið rúmi (geymsla). Svalir út af stigapalli. **Verð 37,5 millj.**

**GARÐABÆR**

**Vel staðsett 310 fm. einbýlishús með innbyggðum 36 fm. bílskúr alveg niður við lækinn. Eign sem þarfnast nokkurra endurbóta.**

**Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali.**



**Dverghamar.**

Fallett 182,1 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 46,1 fm. bílskúr. Húsið hefur nánast allt verið tekið í gegn á síðustu árum að innan sem utan. Opið eldhús með nýrri innréttingu og vönduðum tækjum. Sjónvarpsbol. Stofa og borðstofa með uppteknu lofti og útgengi í nýja um 16 fm. flisalagða sólstofu með gólfhita. Þrjú svefnherbergi. Bílskúr með millilofti að hluta. Lóð er í góðri rækt með víðarpöllum og steyptri upphitaðri aðkomu.



**Straumsalir-Kópavogi. 5 herbergja með 4 svefnherbergjum**

Mjög fallett 129,8 fm. 5 herbergja íbúð á 3. hæð í 5 íbúða húsi. Fjögur svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með útgangi á um 12 fm. svalir til suðvesturs. Opið eldhús með fallettum innréttingum úr mahony. Frá íbúðinni nýtur stórkostlegs útsýnis að Reykjanesi, til Snæfellsjökuls og víðar. Stutt í skóla, sundlaug og íþróttasvæði. Hús nýlega málað að utan. **Verð 39,5 millj.**



**Dalsbyggð - Garðabæ**

Fallett, vel skipulagt og vel staðsett 217,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Bjartar og rúmgóðar stofur með útgangi á svalir til suðurs. Eldhús með eikarinnréttingum. Fjögur herbergi. **Möguleiki er á aukaíbúð á jarðhæð** Húsið var málað að utan árið 2011 og skipt þá um þakkant. Hiti í innkeyrslu, sem er hellulögð. Stutt í barnaskóla og framhaldsskóla. **Húsið stendur á mjög góðum stað við opið svæði á 1.034 fm. lóð. Verð 62,9 millj.**



**Unnarbraut - Seltjarnarnesi**


320,2 fm. heil húseign með tveimur íbúðum á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin skiptist í 160,0 fm. 5 herbergja efri sérhæð ásamt 37,8 fm. geymslu á jarðhæð og 39,0 fm. bílskúr. Á neðri hæð er 83,3 fm. 3ja herbergja íbúð með séringangi. Frá efri hæð er frábært útsýni til suðurs og vesturs. **Vel staðsett eign sem býður upp á mikla möguleika. Verð 67,0 millj.**



**Gullsmári - Kópavogi. 4ra herbergja íbúð.**

Fallett og vel skipulagð 94,4 fm. íbúð á 5. hæð að meðtalinni sér geymslu í kjallara. Rúmgóð stofa með útgangi á svalir til suðausturs. Þrjú svefnherbergi. Sjónvarpsbol. Eldhús með sprautulökkuðum og mahogny innréttingum. Baðherbergi með þvottaðstöðu. Sameign til fyrirmyndar. Stutt í þjónustumiðstöð eldri borgara. **Verð 26,9 millj.**





Glæsilegt 57,6 fm. vel staðsett heilsárshús í landi Indriðastaða, Skorradal. Húsið er byggt árið 2004 og stendur á 3.853,0 fm. leigulöð með miklum náttúrulegum gróðri. Viðarverönd í kringum bústaðinn. Frábært útsýni til Snæfellsjökuls og niður að Skorradalsvatni. Bátaskýli fylgir niður við vatn. **Verð 19,8 millj.**

# Heilsárshús í Skorradal



## Furugrund-Kópavogi. 4ra – 5 herbergja.

Góð 102,0 fm. íbúð á 2. hæð að meðtöldu 15,3 fm. aukaherbergi í kjallara. Stofa með útgangi á suðursvalir. Eldhús með borðkrók og glugga til austurs. Þrjú herbergi. Eign á góðum stað, stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. **Verð 24,8 millj.**



## Hjallabrekka - Kópavogi. 3ja herb. íbúð með sérinnngangi

Mikið endurnýjuð og vel staðsett 110 fm. íbúð á 2. hæð, íbúð 0202. Rúmgóð stofa og borðstofa. Eldhús með nýrri sprautulakkaðri innréttingu og góðum borðkrók. Þvottaðstaða innan íbúðar. Hiti í gólfum að hluta. Sér bílastæði og sér útigeymsla. **Verð 24,9 millj.**



## Línakur – Garðabæ. 4ra herbergja

Falleg 133,6 fm. 4ra herbergja íbúð á 3. hæð með góðu útsýni til suðurs í góðu fjölbýli Akrahverfinu í Garðabæ. Úr stofu er útgengi á suðursvalir með góðu útsýni. Opíð eldhús. 3 rúmgóð herbergi með skápum. Þvottaherbergi innan íbúðar. Stutt í skóla og leikskóla. **Verð 35,9 millj.**



## Bjarkarás – Garðabæ. Efri sérhæð.

Falleg 145,0 fm. íbúð á efri hæð með sér innngangi í nýlegu og vönduðu litlu fjölbýli. Sér stæði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Stórar svalir til suðvesturs út af stofu með útsýni til sjávar. Opíð eldhús við stofu með eikarinnréttingum. 2 herbergi. Geymsla innaf þvottaherbergi. **Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 47,9 millj.**




## Hallveigarstígur. Hæð og ris.

110,5 fm. hæð og ris í góðu steinhúsi í hjarta miðborgarinnar. Á hæðinni eru forstofa, eldhús, samliggjandi rúmgóðar stofur, 1 herbergi og baðherbergi. Í risi eru 3 rúmgóð herbergi. Nýlega var skipt um gler og glugga í suðurhlíð hússins. Sameiginleg hellulöð baklöd. **Verð 34,9 millj.**



## Vesturvallagata.

Vel skipulögð og vel staðsett 77,4 fm. íbúð í góðu steinhúsi. Björt stofa með útgangi á flisalagðar svalir til suðurs. Falleg ar uppgerðar eldri innréttingar í eldhúsi. Tvö góð herbergi. Sér geymsla í kjallara. **Laus til afhendingar strax. Verð 22,9 millj.**



## Strandvegur- Sjálandi Garðabæ. Glæsileg 4ra herbergja íbúð

Mjög falleg og vönduð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð með mikilli lofthæð í vönduðu litlu álklaeddu fjölbýlishúsi. Stórar stofur með 4,5 metra lofthæð og gólf-síðum gluggum. Flisalagðar svalir. Opíð eldhús við stofu með eyju. Þrjú rúmgóð herbergi, öll með fataskápum. Sér stæði í bílageymslu. **Verð 36,9 millj.**



## Heiðargerði.

Góð 77,7 fm. íbúð á jarðhæð í tvíbýlishúsi með góðum garði á rólegum og barnvænum stað. Nýleg ljós innrétting í eldhúsi. Tvö herbergi. Parketlögð stofa. Aðkoma góð og garður í rækt. **Verð 18,6 millj.**



## Sléttahraun-Hafnarfirði. 4ra herbergja með bílskúr

105,2 fm. íbúð á 3. hæð auk 21,8 bílskúrs við Sléttahraun. Rúmgóð forstofa. Stofa með útgangi á suðursvalir. Eldhús með nýlegri innréttingu, þvottaherbergi innan íbúðar. 3 svefnherbergi. **Verð 20,8 millj.**



## Lundur-Kópavog.

3ja herbergja 98,6 fm. íbúð á 2. hæð (gengið inn á götu) með sér verönd til suðurs og sér stæði í bílageymslu auk 7,1 fm sér geymslu í kjallara. Íbúðin skiptist í forstofu, sjónvarpshol, baðherbergi með sturtu og baðkari, hjónaherbergi með fataherbergi innaf, barnaherbergi, stofu, eldhús og þvottaherbergi. Íbúðin skilast fullfrágengin án gólfena, en votrymi verða flisalögð. Gólfhiti. **Verð 34,0 millj.**

## 3JA HERB.



## Brekkubyggð –Garðabæ. 3ja herbergja íbúð með sérinnngangi.

92,0 fm íbúð með sérinnngangi og glæsilegu útsýni á góðum og grónum stað í Garðabæ. Stór sér lóð fylgir íbúðinni. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottaherbergi innaf forstofu, hol, 2 svefnherbergi, rúmgóða stofu, eldhús og flisalagð baðherbergi. Útsýni út á sjóinn, að Snæfellsjökli, yfir borgina og víðar. **Verð 23,9 millj.**

## 2JA HERB.



## Njálsgata.

Falleg og björt 69,7 fm. íbúð á 1. hæð á þessum eftirsóttasta stað í miðbænum. Íbúðin var nánast öll tekin í gegn að innan árið 2004. Nýtt rafmagn sett í sama tíma. Hátt til lofts og góð lýsing. Stór bakgarður með mikla möguleika. Nýleg gler í gluggum. **Verð 19,9 millj.**



## Bárugata

Mikið endurnýjuð 72,4 fm íbúð að með. geymslu í þrívílishúsi á þessum eftirsóttasta stað. Íbúðin skiptist í anddyri, opíð rymi sem samanstendur afopnu eldhúsi, stofu og borðstofu, eitt herbergi og baðherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar. Halogen lýsing og hjóðkerfi. **Verð 19,9 millj.**

# EINBÝLISHÚSALÓÐIR Í GARÐABÆ

Lóðirnar nr. 11, 13 og 15 við Rjúpnahæð í Garðabæ eru til sölu.

Lóðirnar eru frá 782,0 upp í 858 fm. og geta selst saman eða í sitthvoru lagi.

Byggingarhæfar strax, með greiddum gatnagerðargjöldum.


Verðtilboð.

## ATVINNUHÚSNÆÐI



## Hverfisgata.

Vel staðsett 359,5 fm. atvinnuhúsnæði á jarðhæð og í kjallara. Eignin er vel sjáanleg og hefur gott auglýsingagildi. Stórir gluggar og góð aðkoma. Á hæðinni eru rúmgóður sýningarsalur, 2 skrifstofur, aðstaða fyrir starfsfólk og snyrting. Góð lofthæð í kjallara.



## Viðarhöfði- iðnaðarhúsnæði

360 fm iðnaðarhúsnæði með tveimur góðum innkeyrsludryrum við Viðarhöfða. Húsnæðið er með mikilli lofthæð og ofanbirtu og er í raun tvær einingar, en opíð á milli þeirra.. Allt klætt að innan með stáli. Góð lýsing. Malbikuð lóð. **Laust til afhendingar strax. Tilboð óskast.**

# EIGNIR ÓSKAST

250-300 FM SNYRTILEGT LAGER- OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI ÓSKAST TIL KAUPS Í LINDUM, SMÁRUM, DALVEGI OG VOGUM EÐA NÁGRENNI

STRIKID 2-10 SJÁLANDI- GARÐABÆ 3JA HERBERGJA ÍBÚÐ ÓSKAST MEÐ YFIRBYGGÐUM SUÐURSVÖLUM OG STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU

MÍÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK ÓSKUM EFTIR UM 1.000 FM. LAGERHÚSNÆÐI MEÐ GÓÐRI LOFTHÆÐ AUK UM 300 FM. VERSLUNARÝMIS. VÖRUMÓTTAKA MEÐ AÐKOMU OG AÐSTAÐA FYRIR GÁMA SKILYRÐI.

100 FM ATVINNUHÚSNÆÐI ÓSKAST Á JARÐHÆÐ MEÐ SÉRINNGANGI Í HLÍÐUM, HOLTUM, MIÐBÆ EÐA VESTURBÆ

VANTAR Í EFTIRFARANDI PÓSTNÚMERUM  
101 - ÓSKUM EFTIR 2JA,3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐUM  
101 - ÓSKUM EFTIR EINBÝLISHÚSUM OG SÉRHÆÐUM  
105 - ÓSKUM EFTIR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐUM  
105 - ÓSKUM EFTIR SÉRHÆÐUM  
107 - ÓSKUM EFTIR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐUM  
107 - ÓSKUM EFTIR EINBÝLISHÚSUM OG SÉRHÆÐUM  
210 - ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA



## Grettisgata

Falleg 40,7 fm. íbúð á 2. hæð ásamt 31,0 fm. sér geymslu með gluggum í kjallara í miðbænum. Eldhús og baðherbergi endurnýjað fyrir nokkrum árum. Nýlegar svalir til suðurs úr svefnherbergi. Rúmgóð og björt stofa. Óeinangrað risloft með glugga er yfir allri íbúðinni. Stór baklöd í séreign. **Verð 16,9 millj.**



## Nýbýlavegur –Kópavogi.

2ja herb. íbúð með sérinnngangi ásamt íbúðarherbergi og sér geymslu á jarðhæð. 20,9 fm. bílskúr. Birt stærð 98,3 fm. Góðar svalir til suðurs. Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Nýleg parket á gólfum. **Verð 22,9 millj.**





Sverrir Kristinnsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali  
Guðmundur Sigurjónsson, lögg. fasteignasali  
Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali  
Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali  
Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali  
Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali  
Magnús Geir Pálsson, sölumaður  
Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali  
Gunnar Helgi Einarsson, lögg. fasteignasali  
Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri  
Elin Þorleifsdóttir, ritari  
Anna M. Sigurðardóttir, ritari  
Guðrún Magnea Arnadóttir, ritari

**Stórágerði 9 - neðri sérhæð**

**OPÍÐ HÚS**

<b>Mörk Íslands (skot):</b> Snorri Steinn Guðjónsson 9/6 (10/6), Aron Pálmarsson 7 (8), Alexander Pettersson 6 (8), Bjarki Már Elísson 5 (6), Vignir Svavarsson 3 (5), Ólafur Stefánsson 3/1 (6/1), Róbert Gunnarsson 2 (2), Þórir Ólafsson 2 (2), Kári Kristján Kristjánsson 2 (2), Ingimundur Ingimundarson 1 (2), Arnór Atlason 1 (2), <b>Varin skot:</b> Hreiðar Levý Guðmundsson 9 (24/1, 38%), Björgvin Páll Gústavsson 4 (16, 25%), <b>Hraðaupplaupt:</b> 11 (Vignir 3, Bjarki Már 3, Alexander 2, Aron, Þórir, Ingimundur) <b>Fiskuð víti:</b> 7 (Snorri Steinn 2, Alexander, Vignir, Ólafur, Róbert, Arnór)	
<b>Mörk Hollands (skot):</b> Jasper Adams 6 (11), Tim Reemer 4 (5), Toon Leenders 3 (3), Léon van Schie 3 (4), Bobby Schagen 3/1 (4/1), Mark Bult 3 (8), Iso Sluijters 2 (3), Patrick Miedema 2 (6), Matthijs Vink 1 (1), Marco Vernooij (1), Jeffrey Boomhouwer (1), <b>Varin skot:</b> Gerrie Eijlers 11 (51/7, 22%).	
<b>Makedónía - Austurríki</b>	<b>26-21</b>
Patrekur Jóhannesson þjálfari Austurríkismenn.	
<b>Litháen - Pólland</b>	<b>17-24</b>
<b>Rússland - Tékkland</b>	<b>23-22</b>
<b>Slóvenía - Portúgal</b>	<b>31-26</b>
<b>Slóvakía - Hvíta-Rússland</b>	<b>24-26</b>
<b>Ungverjaland - Noregur</b>	<b>27-21</b>
<b>Þýskaland - Bosnía</b>	<b>36-24</b>
<b>Svíþjóð - Svartfjallaland</b>	<b>22-21</b>

### Egils Gull mótið í Eyjum

**Karlaflokkur:**

1. Þórður Rafn Gissurarson, GR	-1
2. Hlynur Geir Hjartarson, GOS	Par
3. Haraldur Franklín Magnús, GR	+1
4. Arnór Ingi Finnbjörnsson, GR	+3
5. Guðjón Henning Hilmarsson, GKG	+4
5. Andri Þór Björnsson, GR	+4
5. Alfreð Brynjar Kristinsson, GKG	+4
5. Ólafur Már Sigurðsson, GR	+4
9. Arnar Snær Hákonarson, GR	+5
10. Rúnar Arnórsson, GK	+6

**Kvennaflokkur:**

1. Berglind Björnsdóttir, GR	+11
2. Sunna Víðisdóttir, GR	+12
3. Signý Arnórsdóttir, GK	+14
4. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR	+18
5. Guðrún Brá Björgvinsdóttir, GK	+19
6. Eygló Myrta Óskarsdóttir, GO	+21
7. Guðrún Pétursdóttir, GR	+23
7. Tinna Jóhannsdóttir, GK	+23
7. Ragna Björk Ólafsdóttir, GKG	+23
10. Ingunn Gunnarsdóttir, GKG	+24

### EM í fótbolta

**B-riðill**

**Holland - Danmörk** 0-1  
Michael Krohn-Dehli (24.)

**Þýskaland - Portúgal** 1-0  
Mario Gómez (72.)

**C-riðill**

**Spánn - Ítalía** 1-1  
Antonio Di Natale (61.), I-1 Cesc Fàbregas (64.)

**Írland - Krótatía** 1-3  
Mario Mandžukić (3.), 1-1 Sean St Ledger (19.), 1-2 Nikica Jelavić (43.), 1-3 Mario Mandžukić (48.)

**Leikirnir í D-riðilinum í dag:**

**Frakkland - England** kl. 16.00  
Úkraína - Svíþjóð kl. 18.45

### Pepsi-deild kvenna

**Afturelding - Þór/KA** 0-4  
0-1 Tahnai Annis (42.), 0-2 Tahnai Annis (77.), 0-3 Sandra María Jessen (87.), 0-4 Háfrún Ólgeirsdóttir (90.)

**STAÐA EFSTU LIÐA**

<b>Þór/KA</b>	6	5	1	0	15-3	16
<b>Stjarnan</b>	5	4	0	1	10-5	12
<b>Breiðablik</b>	5	3	1	1	12-4	10
<b>ÍBV</b>	5	3	0	2	11-7	9

**LEIKIRNIR Í KVÖLD**

**ÍBV - Selfoss** kl.18.00  
FH - KR kl.19.15  
**Fylkir - Valur** kl.19.15  
Breiðablik - Stjarnan kl.19.30 (Stöð2 Sport)



**FJÖGURRA STIGA FORSKOT** Tahnai Annis og Sandra María Jessen fagna fyrsta marki Þór/KA í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# Fékk kvíðakast í svona tíu mínútur

Bjarki Már Elísson leysti af Guðjón Val Sigurðsson og stóð sig vel í 14 marka sigri íslenska landsliðsins á Hollandi í fyrri leik liðanna í umspili um sæti á HM á Spáni. Strákarnir okkar eru komnir með nýu tær inn á HM. „Við getum verið mjög sáttir við 14 marka sigur,” sagði Guðmundur landsliðsþjálfari.

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handknattleik vann í gær mjög þægilegan sigur á Hollendingum, 41-27, í fyrri leik liðanna um laust sæti á HM á Spáni 2013. Íslendingar byrjuðu leikinn nokkuð illa en komust fljótlega í takt og keyrðu síðan yfir gestina í síðari hálfleiknum. Snorri Steinn Guðjónsson var frábær í liði Íslands og gerði nýu mörk.

Íslenska liðið var nokkuð ósannfærandi í fyrri hálfleiknum en í þeim síðari sást hvað býr í strákunum okkar. Liðið jók jafnt og þétt við forskot sitt og keyrði hreinlega yfir lánlausa Hollendinga. Ísland er því með frábært veganesti fyrir síðari leikinn sem fram fer í Hollandi næstkomandi laugardag og má segja að liðið sé að tryggja sig inn á enn eitt stórmótið.

### Kaflaskiptur leikur

„Leikurinn var virkilega kaflaskiptur en liðið lék finan sóknarleik allan leikinn,” sagði Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Íslands, eftir sigurinn í gær.

„Varnarleikurinn byrjaði illa og markvarslan sömuleiðis. Það tók okkur ákveðinn tíma að komast almennilega inn í leikinn en það tókst í síðari hálfleiknum. Við getum verið mjög sáttir við 14 marka sigur og erfitt að kvarta yfir því. Við verðum að nota næstu viku vel og mæta á fullu í síðari leikinn, eins og við gerum alltaf. Þetta snýst um að vera fagmáður og nálgast öll verkefni eins, það hefur virkað best fyrir okkur. Bjarki Már kom virkilega vel inn í liðið og sem nýliðann í þessum hóp þá var ég mjög ánægður með hans frammistöðu.“

### Mjög lélegur fyrri hálfleikur

„Fyrri hálfleikurinn var mjög lélegur af okkar hálfu,” sagði Aron Pálmarsson, leikmaður íslenska landsliðsins, eftir leikinn í gær.



**GÓÐUR Í GÆR** Aron Pálmarsson var allt í öllu í sóknarleik íslenska liðsins í Höllinni í gær. Hér hefur hann gefið eina af mörgum stoðsendingum úr félagi sína. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Kannski var eitthvað vanmat í gangi hjá okkur og þess vegna byrjum við svona illa. Sem betur fer áttuðum við okkur á því í hálfleik hvað við þyrftum að laga. Liðið mætti síðan ákveðið til leiks og þá fóru hlutirnir að ganga. Við erum eðlilega sáttir við 14 marka sigur. Þeir sprungu síðasta korterið og þá sást hver munurinn er á liðinum. Ég vill helst ekki vera með neinar yfirlýsingar en ég tel nokkuð víst að liðið verði með á

heimsmeistaramótinu á Spáni árið 2013,” sagði Aron sem fór fyrir sóknarleik íslenska liðsins, nýtti 7 af 8 skotum og gaf margar stoðsendingar á félagi sína.

### Ekki með hálfum hug til Hollands

Bjarki Már Elísson kom óvænt inn í byrjunarliðið þar sem Guðjón Valur Sigurðsson gat ekki tekið þátt í leiknum sökum meiðsla. Bjarki stóð svo virkilega vel og gerði fimm mörk.

„Mér líður rosalega vel eftir þennan leik, en þetta var nokkuð erfið fæðing hjá okkur,” sagði Bjarki Már eftir leikinn.

„Þegar ég frétti að Guðjón Valur myndi ekki spila þennan leik þá fékk ég kvíðakast í svona tíu mínútur, en fljótlega fór ég bara að einbeita mér að leiknum. Við verðum að halda áfram okkar striki og erum alls ekkert á leiðinni til Hollands með hálfum hug, þetta er ekki alveg búíð.“ -sáp

Þórður Rafn Gissurarson og Berglind Björnsdóttir unnu Egils Gull mótið í Vestmannaeyjum um helgina:

# Ekkert glamúrlíf í atvinnumennskunni

**GOLF** GR-ingarnir Þórður Rafn Gissurarson og Berglind Björnsdóttir spiluðu best á Egils Gull mótinu, öðru móti Eimskipsmótaradarinnar sem fór fram í Vestmannaeyjum um helgina. Þórður Rafn fór á kostum á lokadegi mótsins en Berglind spilaði síðustu tvo hringina vel eftir erfiðan upphafshring.

„Ég hef spilað einu sinni áður á 66 höggum hér á Íslandi, á meistaramóti í Grafarholti, en þar er parið 71. Ég er ánægður með hringinn en við þurfum að fá góðar aðstæður hér á landi til að ná svona skori – og aðstæðurnar voru finar hér í Vestmannaeyjum í dag,” sagði Þórður Rafn Gissurarson eftir sigurinn. Þórður lék frábært golf á lokahringnum, 66 högg, þar sem hann fékk alls 7 fugla (-1) en tvöfaldur skolli (+2) á 16. braut gerði það að verkum að vallarmet Helga Dans Steinssonar, 63 högg, var ekki í hættu að þessu sinni.

Þetta er annar sigur hans á stigamótaröð GSI en hann fagnaði sínum fyrsta sigri fyrir fjórum árum á Gardavelli á Akranesi. „Það er langur tími, of langur tími,” sagði Þórður Rafn sem er 24 ára gamall og hefur í nógu að snúast í keppnisgolfinu. Hann er að leika á EPD-mótaröðinni á meginlandi Evrópu



**BEST Í EYJUM** GR-ingarnir Þórður Rafn Gissurarson og Berglind Björnsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN GARDARSSON

og stefnir á úrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina í haust.

„Ég ætla að gefa þessu séns og sjá hvað maður kemst langt. Það var fínt að fá 80.000 kr. verðlaunafé hérna í Eyjum, þar dugir fyrir keppnisgjaldinu á næsta móti sem er í Þýskalandi

í þessari viku og kannski einum flugmiða. Þetta er ekkert glamúrlíf á manni sem atvinnumaður,” sagði Þórður Rafn Gissurarson.

Berglind Björnsdóttir, sem er tvítug, lék lokahringinn í gær á 72 höggum eða +2 og hún átti

finan annan hring í erfiðum aðstæðum þar sem hún lék á 71 höggi. Mikið hvassviðri setti svip sinn á skor keppenda á fyrsta hringnum snemma á laugardaginn og þar lék Berglind á 78 höggum. Berglind lék því hringina þrjá á 11 höggum yfir pari vallarins en Sunna Víðisdóttir varð önnur á 12 höggum yfir pari. Sunna lék frábært golf í gær og lék hún á 67 höggum eða -3 og var það besti hringurinn í kvennaflokknum á þessu móti. Signý Arnórsdóttir úr Keili varð þriðja á 14 höggum yfir pari.

„Þetta var bara verkefni að glíma við þetta veður,” sagði Berglind við Vísi í dag en hún hefur aldrei áður sigrad á stigamótaröð Eimskips.

„Ég vissi ekkert hvernig staðan var, ég var bara þarna úti að reyna að ná góðu skori,” sagði Berglind en hún er með 1,4 í forgjöf og stundar háskólanám í Bandaríkjunum samhliða golfinu.

„Ég reyndi að nýta mér á þessu móti það sem ég hef lært úti í Bandaríkjunum. Ég er of kröfuhörð við sjálfa mig þegar mér hefur gengið illa – í stað þess að njóta þess að spila. Eitt af markmiðum sumarsins er að ná þetta jafnvægi í leik minn,” sagði Berglind Björnsdóttir.



# ÞAÐ VAR SJÚKLEGA GAMAN HJÁ OKKUR

Einar Daði Lárusson var aðeins 52 stigum frá því að ná lágmarkinu fyrir tugbrautarkeppnina á Ólympíuleikunum í London. Hann bætti sig um 308 stig meðal stóru nafnanna í Kladno og er núna orðinn annar besti tugbrautarkappi Íslandssögunnar.

**FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR** ÍR-ingurinn Einar Daði Lárusson stóð sig frábærlega á mjög sterku tugbrautarmóti í Kladno í Tékklandi um helgina en hann fékk 7.898 stig og endaði í fimmta sæti á mótinu. Einar bætti sinn besta árangurinn um 308 stig en hann náði lágmarki inn á EM í Helsinki í lok júní og var aðeins 52 stigum frá því ná lágmarki á Ólympíuleikana í London.

Einar Daði varð í þrettánda sæti á þessu móti og er því búinn að bæta sig mikið á einu ári. Hann var með 19. besta árangurinn inn á mótið en það voru bara fjórir kappar sem gerðu betur en hann. Dmitriy Karpov sigraði í þrautinni með 8.173 stig. Roman Serbrle frá Tékklandi varð annar og náði lágmarki á Ólympíuleikana í fjórða sinn, með 8.097 stig. Pelle Rietveld frá Hollandi náði einnig Ólympíulágmarki en hann náði 3. sætinu með 8.073 stig. Einar Daði var 146 stigum á eftir Tékknum Adam Sebastian Helcelet sem varð í fjórða sætinu.

„Það gekk bara allt upp. Þetta

eru tíu greinar og stundum gerist þetta að allar greinarnar smella. Það er bara frábært að þetta skyldi ganga svona vel því það er ekki sjálfsgagt að það gangi svona vel og að maður fari í gegnum þessar tíu greinar án þess að neitt klikki. Það þarf mikið til,“ sagði Einar Daði sem var ánægður með þjálfaraliðið sitt. „Ég var með þrjá með hér úti, Þráinn þjálfara minn sem hefur yfirumsjón með þjálfuninni, Kristján Gissurarson stangarstökksþjálfara og Stebba Má (Ágústsson nuddari og aðstoðarmaður) sem er gömul kempa. Það var þvítík stemning hjá okkur og sjúklega gaman,“ sagði Einar.

„Ég vissi að þetta væri hægt en það er skemmtilegt að sjá þetta gerast. Það er eitt að vita að þetta sé hægt en það er annað að framkvæma þetta. Ég er búinn að vera að einbeita mér að þessu í fyrra og í ár. Það er frábært að það sé að skila sér og þetta er þvítík gaman,“ sagði Einar Daði kátur. „Ég hvíldi vel fyrir þessa þraut sem var gott. Ég tók því rólega

síðustu vikuna fyrir mót þannig að það væri kraftur í mér. Það skilaði sér greinilega,“ sagði Einar.

Einar Daði er nú kominn í hóp með Jóni Arnari Magnússyni en þeir eru nú þeir tveir Íslendingar sem hafa náð flestum stigum í einni tugbraut. Einar Daði bætti besta árangur þjálfara síns Þráins Hafsteinssonar. Þráinn náði mest 7.592 stigum árið 1983 en Íslandsmet Jóns Arnars er 8.573 stig sett í Götzi 1998. Þráinn var ánægður með sinn mann. „Þetta var frábært. Hann hefur fært sig upp á annað getustig í þessu og er kominn í heimsklassaárangur. Einar var vel tilbúinn og var búinn að undirbúa sig. Hann hélt einbeitingu allan tímann í gegnum allar þessar greinar. Það er rosalega erfitt að halda haus í þessu í tvo heila daga,“ sagði Þráinn og bætti við: „Hann bætti sig í hverri greininni á fætur annarri. Við vissum svo sem að hann

ætti inni en það er mjög erfitt að raða því öllu saman í svona flotta þraut. Hann var bara 52 stigum frá Ólympíulágmarkinu sem eru 7.950 stig en 52 stig er mjög lítið. Hann átti ógilt stökk í langstökkinu upp á 7,50 en fór 7,35. Það hefði dugað honum til þess að komast inn á leikana en það mundi hálfum sentímetra að hann næði gildu stökki,“ sagði Þráinn en Einar Daði mun reyna við Ólympíulágmarkið á EM í Helsinki 27. til 28. júní.

„Það yrði bara bónus að komast til London. Maður er ennþá tilförlulega ungur í þessum tugbrautarheimi og þetta tekur allt saman tíma. Það væri hrikalega gaman að komast á Ólympíuleikana en ég ætla ekki að setja þá pressu á mig eða vera eitthvað að svekkja mig á því að hafa ekki náð því núna,“ sagði Einar Daði.

ooj@frettabladid.is



KRISTJÁN FINNBOGASON Varði þrjú síðustu víti FH-inga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kristján Finnbogason konungur vítakeppna á Íslandi:

## Hefur aldrei tapað

**FÓTBOLTI** Kristján Finnbogason varð 41 árs í síðasta mánuði en tók sig samt til og bætti enn við meta-skrá sína í bikarleik Fylkis og FH í 32 liða úrslitum Borgunarbikarsins á föstudaginn. Kristján varði þrjár síðustu spyrnur FH-inga í vítakeppninni og tryggði Fylki sæti í sextán liða úrslitum keppinnar aðeins sex dögum eftir að liðið tapaði 8-0 fyrir FH á sama stað í deildinni.

Þetta er langt frá því að vera í fyrsta sinn sem Kristján sýnir snilli sína í vítakeppnum og það er orðið óhætt að kalla hann konung vítaspyrnukeppna á Íslandi. Kristján hefur nefnilega unnið allar fjórar vítakeppnir sínar í aðalkeppni bikarsins og þetta var í þriðja sinn sem hann var tvö víti eða fleiri í vítakeppni.

Kristján vann einnig vítakeppni í 8 liða úrslitum 2006, 16 liða úrslitum 2005 og í 8 liða úrslitum 1995 en í öll þau skipti var hann markvörður KR-liðsins.

Kristján hefur gert gott betur en að stoppa vítaspyrnur andstæðinganna því hann hefur einnig skorad sjálfur í tveimur vítakeppnum. Kristján hefur samtals varið 8 af 19 vítaspyrnum sem hann hefur reynt við í vítakeppnum í aðalkeppni bikarsins en það gerir magnaða 42 prósent markvörslu.

Kristján komst í hóp með fjórum

### Vítakeppnir Krisjáns Finnbogasonar:

<b>2012 með Fylki á móti FH</b>	Varði 3 af 5 spyrnur, Fylkir vann 3-2
<b>2006 með KR á móti ÍBV</b>	Varði 1 af 4 spyrnum, KR vann 4-2
<b>2005 með KR á móti Víkingi</b>	Varði 2 af 7 spyrnum, KR vann 6-5
<b>1995 með KR á móti Þór Ak.</b>	Varði 2 af 3 spyrnum, KR vann 3-1
<b>Samtals</b>	<b>4 vítakeppnir - 4 sigrar</b> <b>8 víti varin af 19, 42 prósent</b>

öðrum markvörðum sem hafa náð að verja þrjú víti í einni vítaspyrnukeppni en það eru þeir Gunnleifur Gunnleifsson (FH-Breiðablik 3-1, 2010), Amir Mehica (Haukar-Fram 4-3, 2007), Sandor Matus (KA-ÍBV 3-0, 2004) og Þorsteinn Bjarnason (Keflavík-Selfoss 2-1, 1990).

Kristján setti einnig nýtt met með því að verða fyrsti markvörðurinn til að verja tvo víti eða fleiri í þremur vítakeppnum. Hann átti áður metið með þeim Bjarna Sigurðssyni (1984 og 1990) og Hauki Bragasyni (1994).

KR-ingar hafa sem dæmi farið í eina vítakeppni eftir að Kristján missti sæti sitt í aðalliðinu og sú vítakeppni tapadist 0-3 á móti Val árið 2007.

- 66j

VELKOMIN Á BIFRÖST

## Frumgreinanám

### - skilvirkur undirbúningur fyrir háskólanám



**Nám í frumgreinadeild er góð leið fyrir fólk sem hefur ekki lokið stúdentsprófi, eða verið frá námi í langan tíma, til að bæta grunnmenntun sína áður en ráðist er í háskólanám.**

Boðið er upp á lánshæft fjar- og staðnám. Staðnám fer fram með fyrirlestur, umræðutímum og verkefnum. Kennsla í fjarnámi er í formi fyrirlestra sem eru aðgengilegir á námsvef skólans. Vinnuhelgar eru í hverju námskeiði þar sem nemendur hitta kennara og samnemendur. Frumgreinanámið hefur hlotið mikið lof á meðal nemenda.

**Opið fyrir umsóknir til 15. júní á bifrost.is**



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



## &gt; Stöð 2 kl. 22.10

## Tony Bennett: Duets II

Glæsileg heimildarmynd þar sem fylgst er með stórsöngvaranum Tony Bennett við upptökur á nýjstu plötu sinni *Duets II*. Þar syngur hann dúetta með vinsælum söngvurum á borð við Amy heitna Winehouse, Josh Groban, Michael Bublé, Lady Gaga, Noruh Jones, Arethu Franklin o.fl. Við fáum að skyggast inn í hljóðverið og sjá hvernig dúettarnir urðu til og fáum innsýn í hvaða þýðingu samstarfið hafði fyrir hinar ungu stjórnur sem telja Bennett meðal sinna helstu áhrifaalda.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ HALLFRÍÐUR ÞÓRA TRYGGVADÓTTIR SÉR HLUNKA

### „Rosalega hafa börn fitnað“

Þjóðin er of feit. Þeirri staðreynd hafa fræðimenn og fjölmiðlar haldið á lofti í mörg ár en ég hef látið það sem vind um eyru þjóta. Það var ekki fyrr en Inga Lind sjónvarpskona kom fram í sviðsljósið með Stóru Þjóðina að ég fór að meðtaka þessa staðreynd.


Ég man nákvæmlega eftir þeim tímamarki þegar ég hugsaði: „Mikið rosalega hafa börn fitnað“. Það var í fyrstu sundferð vorsins. Þá hafði ég lesið um gerð þáttanna og grein um að stór hluti íslenskra barna væri of feitur.

Á vordögum hef ég farið á hverjum

sólardegi í sund. Þar geta einstaklingar ekki falið holdarfar sitt bak við víðar mussur og ég hef tekið eftir þessum vanda þjóðarinnar í hvert skipti. Gláðvær sundlaugarvörður hafði meira að segja orð á þessu við mig.

Ég vil ekki hljóma dómhörð en þjóðin er að verða spikfeit. Það er ekki tilviljun að sett hafa verið upp veggspjöld við nammibari með ákveðin viðmið fyrir kaupendur.

Við stóra þjóðin innbyrdum 12 þúsund tonn af sykri á ári og erum ein feitasta þjóð heims. Þetta eru blákaldar staðreyndir og ég fagna umfjöllun Ingu Lindar. Hún fer vel ofan í saumana á þessum vanda. Fylgist með og fræðist.



## RÚV

- 14.00 Landinn (e)
- 14.30 Leiðarljós (Guiding Light)
- 15.15 Táknálsfréttir
- 15.30 EM stofa Hitað upp.
- 16.00 EM í fótbolta (Frakkland - England) BEINT
- 18.00 Fréttir og veður
- 18.20 EM stofa Hitað upp.
- 18.40 EM í fótbolta (Úkraína - Svíþjóð) BEINT
- 20.40 EM kvöld Farið yfir leiki dagsins.
- 21.15 Castle (11:34) (Castle) Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hemir eftir atburðum í bókum hans. Meðal leikenda eru Nathan Fillion, Stana Katic, Molly C. Quinn og Seamus Dever.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Veðurfréttir
- 22.30 Liðsaukinn (20:32) (Rejseholdet) Dönsk spennuþáttaröð um sérsveit sem er send um alla Danmörk að hjálpa lögreglu á hverjum stað að upplýsa erfið mál. Höfundar eru þau Mai Broström og Peter Thorsboe sem líka skrifuðu Örninn og Lífverðina. Meðal leikenda eru Charlotte Fich, Mads Mikkelsen og Lars Brygmann. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.30 Luther (2:4) (Luther II) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 00.25 Baráttan um Bessastaði (e) Um ræðuþáttur með öllum forsetaframbjóðendum.
- 02.05 Fréttir
- 02.30 Dagskrárlök
- 08.15 Knight and Day
- 10.05 17 Again
- 12.00 Astro boy
- 14.00 Knight and Day
- 16.00 17 Again
- 18.00 Astro boy
- 20.00 You Don't Know Jack
- 22.10 The Abyss
- 00.55 Shoot ,Em Up
- 02.20 The Science of Sleep
- 04.05 The Abyss

## BÍÓ

- 08.15 Knight and Day
- 10.05 17 Again
- 12.00 Astro boy
- 14.00 Knight and Day
- 16.00 17 Again
- 18.00 Astro boy
- 20.00 You Don't Know Jack
- 22.10 The Abyss
- 00.55 Shoot ,Em Up
- 02.20 The Science of Sleep
- 04.05 The Abyss

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.30 Oprah
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (152:175)
- 10.15 Chuck (9:24)
- 11.00 Gilmore Girls (19:22)
- 11.45 Falcon Crest (24:30)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (21:24)
- 13.25 American Idol (3:40)
- 14.05 American Idol (4:40)
- 14.50 American Idol (5:40)
- 15.30 ET Weekend
- 16.10 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 Friends (23:24)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 The Simpsons (4:22)
- 19.40 Arrested Development (18:22)
- 20.05 Smash (15:15)
- 20.50 Suits (1:12) Ferskir spennuþættir á léttum nótum um hinn eitursnjalla Mike sem hefur haft lífibrauð sitt af því að taka margvísleg próf fyrir fólk gegn greiðslu. Hann nær að útvega sér vinnu hjá einum af bestu og harðsvírúðustu lögræðingunum í New York, Harvey Specter.
- 22.10 Tony Bennett: Duets II Heimildarmynd um stórsöngvarann Tony Bennett og upptökur á nýjstu plötu hans Duets II.
- 23.35 Two and a Half Men (15:24)
- 00.00 The Big Bang Theory (6:24)
- 00.25 How I Met Your Mother (9:24)
- 00.50 White Collar (14:16)
- 01.35 Girls (1:10)
- 02.00 Eastbound and Down (1:7)
- 02.25 Bones (19:23)
- 03.10 NCIS (6:24)
- 03.55 Smash (15:15)
- 04.45 Friends (23:24)
- 05.10 The Simpsons (4:22)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 18.05 Þýski handboltinn: Hamburg - Kiel Útsending í leik um ofurbikarinn (Super Cup) í þýska handboltanum. Hamburg varð þýskur meistari sl. vor en Kiel bikarmeistari.
- 19.25 Pepsi deild kvenna: Breiðablik - Stjarnan BEINT
- 21.35 Þýski handboltinn: Hamburg - Kiel
- 22.55 Tvöfaldur skolli Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfþróttina.
- 23.25 Pepsi deild kvenna: Breiðablik - Stjarnan

## SPORT 2

- 17.45 Norwich - Liverpool
- 19.30 PL Classic Matches: Norwich - Southampton, 1993
- 20.00 Bestu ensku leikirnir
- 20.30 Man. Útd. - Wigan
- 22.15 Chelsea - Bolton

## EXTRA

- 19.25 The Doctors (132:175)
- 20.10 60 mínútur
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.45 Sprettur (1:3)
- 22.20 The Mentalist (24:24)
- 23.05 Rizzoli & Isles (1:15)
- 23.50 The Killing (5:13)
- 00.35 House of Saddam (1:4)
- 01.35 60 mínútur
- 02.30 The Doctors (133:175)
- 03.10 Íslenski listinn
- 03.35 Sjáðu
- 04.00 Fréttir Stöðvar 2
- 04.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 15.55 Million Dollar Listing (1:9) (e)
- 16.40 Minute To Win It (e)
- 17.25 Dr. Phil
- 18.05 Titanic - Blood & Steel (9:12)(e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos (35:48) (e)
- 19.20 According to Jim (14:18) (e)
- 19.45 Will & Grace (24:25) (e)
- 20.10 90210 (20:22)
- 20.55 Hawaii Five-0 (19:23) /Evintrýn halda áfram í þessum vinsælu spennuþáttum um töffarann Steve McGarrett og sérsveit hans sem starfar á Hawaii.
- 21.45 Camelot (1:10) Ensk þáttaröð sem segir hina sígildu sögu af galdrakarlinum Merlin, Arthúri konungi og riddurum hringborðsins. Stjórnur þrýdd þáttaröð sem sam-einar spennu og drama, rammað inn af klassískri riddarasögu. Morgun dóttir kóngsins Uther snýr aftur og banar föður sínum sem játar á dánarbedinu að eiga lausaleiksson sem Marlin fer með til Camelot.
- 22.35 Jimmy Kimmel
- 23.20 Law & Order (13:22) (e)
- 00.05 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny (1:8) (e)
- 00.30 Hawaii Five-0 (19:23) (e)
- 01.20 The Bachelor (2:12) (e)
- 03.20 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 08.10 Fedex. St. Jude Classic - PGA Tour 2012 (4:4) 11.10 Golfing World 12.00 Golfing World 12.50 Fedex. St. Jude Classic - PGA Tour 2012 (4:4) 15.45 LPGA Highlights (10:20) 17.05 PGA Tour - Highlights (21:45) 18.00 Golfing World 18.50 Fedex. St. Jude Classic - PGA Tour 2012 (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 Champions Tour - Highlights (9:25) 23.45 ESPN America

## N4

18.00 Að norðan

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregnir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í næmýnd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Hringrás 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjórnur 15.00 Fréttir 15.03 Útlitssagan: Fuglamir 15.25 Fólk og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Bóni er bústólpi 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Sveiflan sem sigraði heiminn 20.00 Leynifélagið 20.30 Listahátið í Reykjavík 2012 - Duo Harverk og Páll Ragnar Pálsson 21.30 Kvöldsgagan: Egils saga 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvóldsins 22.25 Gími, grúsk og glórir 23.15 Kvika 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

## BBC entertainment

- 08.05 The Inspector Lynley Mysteries 09.45 Deal or No Deal 10.20 EastEnders 10.50 Come Dine With Me 11.40 QI 12.40 Keeping Up Appearances 13.40 My Family 14.40 The Best of Top Gear 15.30 QI 16.30 Come Dine With Me 17.20 The Graham Norton Show 18.10 QI Children in Need Special 18.40 QI 19.10 Top Gear 20.00 Live at the Apollo 20.45 Peep Show 21.10 Twenty Twelve 21.40 The Royal Bodyguard 22.10 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 22.55 Top Gear 23.44 Live at the Apollo

## DR 1

- 12.30 Gintberg på kanten 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Jamies australske kokkeskole 14.00 Kasper & Lise 14.10 Timmy-tid 14.20 Postmand Per. Specialposttjenesten 14.35 Ni Hao, Kai-Lan 15.00 Hun så et mord 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Det søde liv - jul 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet 18.00 EURO 2012 18.35 Fodbold. Euro 2012 19.30 TV Avisen 19.40 Fodbold. Euro 2012 20.30 EURO 2012 20.45 Kriminalkommissær Foyle 22.20 Kidnappet 23.00 Lægerne

## NRK 1

- 06.30 22. juli-rettsaken 15.00 NRK nyheter 15.15 Grønn glede 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Tegspråknytt 16.00 Kjendisbarnevakt 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.45 Lyngbø og Hærlands Big Bang 18.35 Sverre M. Fjellstad 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Borgen 20.30 Borgen 21.00 Kveldsnytt 21.20 Borgen 21.50 Fotballkrigen 22.20 Legendariske kvinner 23.10 1.1 00.40 Lykken er en bløff 01.10 Munter mat 01.40 Grønn glede 05.00 Morgennytt

## svt1

- 11.45 The Big C 12.15 Jazzgossen 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Mitt i naturen 15.00 Fotboll. Euro 2012 15.30 Med ugla och falk i monitorn 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Där ingen skulle tro att någon kunde bo 16.45 Matlagning enligt Heston 17.10 Kulturnyheter 17.20 Sverige idag sommar 17.30 Rapport 17.52 Regionala nyheter 18.00 Fotboll. Euro 2012 21.00 EM-magasinet 21.30 Rapport 21.35 Kulturnyheter 21.45 En idiot på resa 22.30 The Big C

## INN


- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu 20.30 Golf fyrir alla 3 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Eldum íslenskt

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

- |                  |                     |                      |                      |                    |                        |                      |
|------------------|---------------------|----------------------|----------------------|--------------------|------------------------|----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957        | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan    | FM 100,5 Kaninn        | FM 102,9 Lindin      |
| FM 90,1 Rás 2    | FM 93,5 Rás 1       | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið         | FM 99,4 Útlit Saga | FM 102,2 Útlit Latibær | FM 105,5 Útlit Boðun |



## Láttu draumagarðinn verða að veruleika

### Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FÍLA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söluleitd Steypustöðvarinnar í síma

# 4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.



**STEYPUSTÖÐIN**  
Sterkari lausnir

Hringhelli 2  
221 Hafnarfjörður

Hrísmýri 8  
800 Selfoss

Malarhöfða 10  
110 Reykjavík

Berghólabraut 9  
230 Reykjanesbær

Sími 4 400 400  
www.steypustodin.is



Notaðu Citroën  
bráðvantar á söluskrá.  
Nýttu gott tækifæri.  
Skiptu gamla uppí nýjan.

Komdu í Brimborg, Bildshöfða 8 í dag. Opíð kl. 9-17.



# Kjóstu Citroën C3 Lýðræðið er franskt

Nýttu borgaraleg réttindi þín og skoðu franskan valkost. Komdu í Brimborg Bildshöfða 8 og prófaðu flottan og sparneytinn Citroën C3 dísil.

Citroën C3 er ekta franskur bill. **Sparneytinn.** Citroën C3 dísil fær **fritt í stæði** í 90 mínútur í Reykjavík vegna þess að hann er visthæfur. Start-Stop spartækni sparar pening á hverju rauðu ljósi Ötrúlega sparneytinn – aðeins **3,6 lítrar á hundraðið** í blönduðum akstri. Fáðu lægri bifreiðagjöld með minni losun CO<sub>2</sub>, aðeins 93 g/km. **Fallegur.** Citroën C3 dísil er sérstaklega vel hannaður. Sjáðu hvernig aukabúnaður eins og Zenith framrúðan opnar þér nýjan heim og hvernig frönsk fagurfræði nýtur sín í innanrýminu. Þægilegur. Citroën C3 dísil er frábærlega þægilegur bill, **þægilegur** á hátt sem aðeins Citroën getur státað af. **Vel útbúinn.** Kynntu þér hjá ráðgjöfum okkar ítarlegan staðalbúnað og forvitnilegan aukabúnað í Citroën. Undirstrikaðu persónuleika þinn með sérsniðnum Citroën.



Aðeins 93g CO<sub>2</sub>.  
Fáðu fritt í stæði  
í Reykjavík

**Citroën C3 Seduction**  
5 dyra, 1,6 eHDI 92 hestöfl og 5 girja  
**Kaupverð 2.890.000 kr.**  
Mánaðargreiðsla 29.886 kr.\*  
Hlutfallstala kostnaðar 8,66%




Tökum allar tegundir notaðra  
bíla upp í nýjan Citroën

Mundu. Citroën er leiðandi í framleiðslu dísilvéla og framleiðir dísilvélar fyrir marga bílaframleiðendur. Kjóstu C3 og fáðu fallega hönnun og rekstrarhagkvæmni í einum og sama pakkanum.



**Sjáðu Citroën. Spyrðu um  
fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.**

Kosningar eru fyrir fólkið. Með lýðræðinu var fullveldi einvaldsins hafnað og fjölbreytni samfélagsins tryggð. Fagnaðu fjölbreytileikanum, kjóstu frumlegan, fallegan, öruggan og sparneytinn Citroën C3 dísil. Hafnaðu hjarðhegðuninni. Kjóstu lýðræðið. **Veldu franskt.**



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7000 | citroen.is

\*Mánaðargreiðsla miðað við 7 ára verðtrygðan grænan bilasamning Ergo. Útborgun kr 1.000.000. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Citroën





Mér finnst best að grilla kjúklingabringur í barbecue-sósu með ananas og bera fram í hamborgarabrauði með avókadói, tandoori-jógurtsósu og grilluðum sætum kartöflum.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttakona og skipuleggjandi Esjuhlaups sem fram fer 23. júní.

## Fjölmarginir hafa fataskipti á netinu

„Viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa og farið fram úr mínum björtustu vonum,“ segir Myriam Marti sem stendur að vefsíðunni Fataskipti.is.

Rúmur mánuður er síðan Myriam stofnaði síðuna sem nú þegar telur um 500 notendur. Á síðunni koma saman seljendur, kaupendur og svo þeir sem vilja hafa fataskipti. Myriam fékk hugmyndina að síðunni þegar hún var stödd í fataleiðangri. „Það er nú engin tímamótasaga á bak við þessa hugmynd en mig langaði svo að skipta peysu sem ég átti í aðra flík en gat það ekki því ég var búin að nota hana. Þess vegna datt mér í hug að stofna svona síðu, sem er eins konar flóamarkaður á netinu,“ segir Myriam en fjölmarginir landsmenn keppast við að tæma fataskápa um helgar og selja í Kolaportinu

eða á flóamörkuðum. „Þetta er í raun það sama nema án alls þess sem fylgir því að halda flóamarkað og fara í Kolaportíð. Fólk getur sett bara eina flík á síðuna eða tuttugu. Svo ef það sér eitthvað sem því líkar til sölu á síðunni er hægt að bjóða viðkomandi að skipta eða kaupa. Það eru allir með eitthvað ónotað í fataskápnunum sem þeir vilja losna við.“

Það er ókeypis að skrá sig á síðuna sem er aðgengileg og einföld í notkun. „Notendur hafa verið duglegir að hafa samband og benda á það sem betur má fara svo síðan er í stöðugri þróun sem er skemmtileg,“ segir Myriam sem sjálf hefur gert þó nokkur góð kaup á síðunni. „Ég er þessa stundina að bíða spennu eftir svári hvort ég geti gert fataskipti við einn notandann.“



ÁNÆGD MEÐ VIÐTÖKURNAR Myriam Marti stofnaði síðuna Fataskipti.is fyrir mánuði síðan en nú þegar eru um 500 notendur á síðunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ANNIE MIST: ÆTLUM AÐ BJÓÐA UPP Á GÁMINN Á VINNUSTÖÐUM

## CROSSFIT-GÁMURINN FER HVERT Á LAND SEM ER

„Það voru búnir til tuttugu svona gámar á heimsvísu og við vorum svo heppin að fá einn þeirra hingað til lands,“ segir Annie Mist Þórisdóttir, Crossfit-drottning og einn meðeiganda Crossfit Reykjavík.

Undir lok seinustu viku kom til landsins gámur sem er eins konar færanleg Crossfit-stöð fyrir allt að fimmtán manns. „Þetta er bara venjulegur gámur, nema miklu fallettri, og inni í honum er rafmagnsstöð, græjur, stengur, lóð, boltar, róðurvélur og fleira. Í raun allt sem þarf fyrir venjulega Crossfit-æfingu. Við erum öll rosalega spennu yfir þessu en við hefðum aldrei getað staðið undir þessu ef ekki væri fyrir stuðning TVG-Zimsen,“ segir Annie Mist. Allir geta pantað að fá gáminn sendan til sín við ýmis tækifæri og segir Annie þau opin fyrir flestum hugmyndum. „Við ætlum til dæmis að bjóða upp á að koma með hann á vinnustaði og setja upp stöð úti á plani, en það tekur svona fimm mínútur að setja upp fullkomna Crossfit-stöð hvar sem er,“ segir hún og bætir við að gámurinn komi einnig til með að opna þeim nýja og skemmtilega möguleika þegar kemur að útiæfingum og æfingum úti á landi.

Annie Mist er nýkomin heim af Evrópumótinu í Crossfit þar sem hún bar höfuð og herðar yfir aðra keppendur og kom heim með Evrópumeistaratitilinn í farateskinu. „Þetta var algjörlega golden helgi fyrir mig. Ég vann í kvennaflokki, kærastinn minn vann í karlaflokki og liðið mitt vann í liðakeppninni



FALLEGUR Annie Mist segir Crossfit-gáminn líta út eins og venjulegan gám, nema hann sé mun fallettri.

Það væri auðvitað geðveikt að vera sú fyrsta til að vinna titilinn tvisvar sinnum og ég ætla að gera mitt besta til þess að svo fari.

ANNIE MIST ÞÓRISDÓTTIR  
MEÐEIGANDI CROSSFIT REYKJAVÍK

svo þetta hefði ekki getað farið mikið betur út frá mínu sjónarhorni,“ segir hún. Næst á dagskrá er svo heimsmeistaramótið sem

haldið verður 13.-15. júlí, en þar á Annie Mist titil að verja. „Það væri auðvitað geðveikt að vera sú fyrsta til að vinna titilinn tvisvar sinnum og ég ætla að gera mitt besta til þess að svo fari,“ segir hún. Spurð hvort Crossfitið sé ekki full vinna fyrir hana svarar hún játandi. „Ég kenni einstaka námskeið í Crossfit Reykjavík því mér finnst það svo gaman, en annars snýst líf mitt bara um að æfa, hvíla mig og borða, og reyna að halda mér heilli á geði,“ segir heimsmeistarinn Annie Mist og hlær.

tinnaros@frettabladid.is

## Jóhann er fastur í að syngja hlutverk illmenna og feðra

Jóhann Axel Schram Reed, óperusöngvari, komst nýverið inn á óperunámskeið í Los Angeles sem ætlað er ungu óperusöngvurum sem eru að stíga sín fyrstu skref sem atvinnufólk í óperuheiminum. Um þrjú hundruð manns sækja um námskeiðið ár hvert, en aðeins þrjátíu komast inn.

Jóhann Axel hefur verið búsettur í Norður-Kaliforníu síðastliðin tvö ár þar sem hann stundar BM-nám í óperusöng í Óperudeild University of the Pacific.

„Ég ólst upp í þessum heimi. Pabbi minn, Keith Reed, er óperusöngvari og söng meðal annars mikið í Þýskalandi og nærleggjandi löndum. Hann stofnaði einnig Óperustúdíó Austurlands á Egilsstöðum og ég tók stundum þátt í uppfærslum þar. Þannig það lá beinast við að ég færi og lærði söng því þetta var það sem ég þekkti og elskaði,“

segir Jóhann Axel sem byrjaði á námskeiðinu í gær.

Námskeiðið er í raun vinnubúðir fyrir upprennandi söngvara þar sem þeir læra ýmislegt sem gæti nýst þeim við atvinnuleit. „Við förum í leiklistartíma, leikfimi og dans og lærum svo um fjárhagslegu hlíðina. Óperusöngvarar eru oft í sjálfstæðum rekstri og þurfa því að koma sér sjálfir á framfæri og verða sér úti um vinnu.“

Jóhann segir mikla samkeppni ríkja milli söngvara og að erfitt geti verið að komast að hjá óperuhúsum. Hann hyggur á áframhaldandi mastersnám í söng í framtíðinni og segir líklegt að hann muni ferðast um heiminn í leit að vinnu að því loknu.

Þegar hann er að lokum inntur eftir því hvort hann eigi sér draumahlutverk er hann fljótur til svars. „Það væri líklega Barón Scarpia í Tosca. Ég er bassabaráttón og er því fastur í því að syngja



GENGUR VEL Í SÖNGNUM Jóhann Axel Schram Reed er í hópi þrjátíu óperusöngvara sem fengu inngöngu á virt óperunámskeið í Los Angeles.

hlutverk feðra og illmenna og Scarpia er eitt versta illmenni sem til er í óperusögunni. Auk þess er hlutverkið krefjandi og tónlistin ómótstæðileg.“

-sm

MYNDIN SEM ER AÐ SLÁ Í GEGN UM ALLAN HEIM



græna ljósið  
-betra bíó

Stundum þarftu að stíga inn í líf annarra til að komast að því hvað vantar í þitt.

François Cluzet Omar Sy  
**Intouchables**

Kvikmynd eftir Olivier Nakache og Eric Toledano

FRUMSÝND 15. JÚNÍ  
Í HÁSKÓLABÍÓI OG LAUGARÁSBÍÓI



**THULE**<sup>®</sup>  
SWEDEN

# Ferðabox og hjólagrindur



 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)



### FRÉTTIR AF FÓLKI



#### Aþena og París Morthens

Rúmlega mánaðargömul dóttir **Bubba Morthens** og Hrafnhildar Hafsteinsdóttur var skírð um helgina og hlaut daman nafnið Aþena Lind Morthens. Aþena litla fæddist 7. maí síðastliðinn, en Bubbi og Hrafnhildur eiga fyrir eina þriggja ára dóttur. Hjónakornin virðast vera nokkuð hrifin af evrópskum borgarnöfnum, því nú eiga þau bæði höfuðborg Grikklands og Frakklands, en sú þriggja ára heitir Dögun París.

#### Stjórnur á Íslandi

Það var líf og fjör í miðborg Reykjavíkur um helgina eins og vanalegt er á sumrin. Þar sást einnig til tveggja þekktara einstaklinga sem vöktu talsverða athygli vegfarenda. Sá fyrri var ísraelska ofurfyrirsætan **Bar Refaeli** sem var um tíma kærasta leikarans heimsfræga Leonardos DiCaprio. Var hún stödd hér á landi ásamt þátttakendum úr þýska Next Top Model þættinum sem fyrirsætan stjórnar. Þá er Dorrit Moussaieff, forsetafrú, góð vinkona fjölskyldu Refaeli og sýndi Dorrit fyrirsætunni meðal annars íslenskar hönnunarbúðir á föstudag. Hefur Refaeli reyndar áður komið til Íslands í myndatöku og hefur hún lýst því yfir á Twitter-síðu sinni að skemmtilegasta myndataka sem hún hafi farið í hafi verið á Íslandi. Þá sást einnig til bandaríska sjónvarpsmannsins Bills O'Reilly um helgina en hann ku hafa verið hér í fríi í nokkra daga. Meðal staða sem hann heimsótti voru Laundromat og English Pub.



- sv, mþl

### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Ólafur Ragnar talaði langlengst
- 2 Manntjón í skotárás við stúdentaíbúðir
- 3 Ólafur með hreinan meirihluta í nýrri könnun
- 4 „Starfsfólk í skólamötuneytum kaupir almennt hollan og góðan mat...
- 5 Eitraður kræklingur við Ísland

## Boltinn á Xinu 977

- alla virka daga kl. 11 - 12



# LOKAR

20. júní

## Enn meiri afsláttur

## Allt á að seljast!

Síðustu forvöð að gera frábær kaup!

## Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

[www.valhusgogn.is](http://www.valhusgogn.is)

Opið virka daga kl. 10-18

Sími 581-2275 ■ 568-5375